

**SKOÐUN** Sigurjón Baldur Hafsteinsson skrifar um pólitískar hamgærur. 12



**TÍMAMÓT** Heppnir leikhúsgestir á Línu Langsokki í Borgarleikhúsinu um síðustu helgi. 14



**SPORT** Kynslóðaskipti hjá kvennalandsliðinu og Margrét Lára snýr aftur. 22




Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin

Engin venjuleg upplifun

með Android

PHILIPS

Heimilistæki ht.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
24. febrúar 2015
46. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Vilja nýta timburafganga í fiskafóður

Íslenskir og sænskir vísindamenn nýta afganga úr pappírsframleiðslu til að þróa fóður fyrir eldisfisk. 6

**Sitja uppi með tjónið** Björgunarsveitarmenn í Vík í Mýrdal fá ekki bætt tjón sem varð á bílum þeirra þegar þeir voru við björgunarstörf í gær. 2

**Leyndarhjúpur öryggismál** Hafnarstarfsmaður getur ekki greint frá því hverjir sátu með honum fund í Ráðhúsi Hafnarfjarðar. 4

**Ráðgjafarvefur í uppnámi** Pegar skrúfað var fyrir IPA-styrki ESB hökti þróun á vefnum Næsta skref. 8



12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -4° | | SA | 11 |
| Akureyri | -4° | | A | 9 |
| Egilsstaðir | -2° | | NA | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | -2° | | A | 7 |
| Reykjavík | -2° | | A | 8 |

**RÓLEGRA** Austlæg átt 8-13 m/s og víða dálítil él en úrkomuminna NA-til. Vaxandi SA-átt í fyrramálið með snjókomu syðra. Frost 0-8 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Verslunarrekstur | Fólk






**SÆLLEGUR SLÉTTBAKUR** Hvalasýningin Whales of Iceland verður opnuð við Fiskislóð á Granda í Reykjavík næstkomandi fimmtudag. Á sýningunni, sem er stærsta hvalasýning í Evrópu, eru líkön af þeim 23 hvölum sem vitað er að hafi verið í hafinu í kringum Ísland. Hér virðir starfsmaður sýningarinnar, Christine Pontiff, fyrir sér líkan af sléttbak sem er skíðishvalur og einn sjaldgæfasti hvalurinn við Íslandsstrendur eftir ofveiði fyrr á öldum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Áheyrnarfulltrúum vantreyst í Garðabæ

**Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, óttast að fulltrúar minnihlutans reyni að finna spillingu og skapa tortryggni. Þess vegna fái þeir ekki áheyrnarfulltrúa í nefndum. Fulltrúi M-listans krefst skýringa frá bæjarstjóranum en fær þær ekki.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Bæjarstjórinn boðar valdníðslu í Garðabæ með því að leyfa ekki að hafa áheyrnarfulltrúa í nefndum," segir María Grétarsdóttir, fulltrúi M-lista, Fólksins í bænum.



MARÍA GRÉTARSDÓTTIR

María vísar til orða Gunnars Einarssonar bæjarstjóra á málþingi á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga um íbúalýðræði 30. janúar síðastliðinn. Þar var meðal annars rætt um áheyrnarfulltrúa í nefndum og ráðum sveitarfélaga. Gunnar útskýrði þá að fengin reynsla af samskiptum í Garðabæ hefði orðið til þess að leyfa minni framboðunum ekki að fá áheyrnarfulltrúa.

„Við treystum ekki viðkomandi, sjáum ekki ástæðu, af hverju ættum við að gera það? Það er ekkert fallegt að segja þetta þegar við erum að tala um lýðræði, en svona er þetta," sagði Gunnar á þinginu.

Þá bætti bæjarstjórinn við að kannski væri þetta líka gert til að „hafa einhvern aga á umræðunni og hvernig við förum fram við hvort annað, gagnvart fjölmiðlum. Eru minnihlutaflokkarnir, þessi eða hinn flokkur, bara í því að reyna að skapa tortryggni og reyna að finna spillingu eða dreifa einhverju?" sagði Gunnar.

Af ellefu fulltrúum í bæjarstjórn Garðabæjar hefur Sjálfstæðisflokkur sjö fulltrúa, Björt framtíð tvo og Samfylking og M-listi einn fulltrúa hvort framboð. María segir M-listann og Samfylkingu hafa skipt með sér aðalfulltrúum í nefndum bæjarins. Eftir síðustu kosningar hafi framboðin beðið um en ekki fengið áheyrnarfulltrúa í nefndum sem þau eigi ekki aðalfulltrúa í.

„Það skýtur skökku við að Gunnar segi þetta um okkur sem erum að reyna að vinna eftir lögum og reglum og gæta hagsmuna bæjarbúa. Við höfum til dæmis farið fram á að það sé farið eftir innkaupareglum og ekki verið að versla við aðila án útboðs," útskýrir María, sem bað bæjarráð um skýringar á orðum Gunnars.



> **Eru minnihlutaflokkarnir, þessi eða hinn flokkur, bara í því að reyna að skapa tortryggni og reyna að finna spillingu eða dreifa einhverju?**
>
> *Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar.*

Bæjarráðið sagði ekki í sínum verkahring að svara fyrir orð bæjarstjórans. Það sama var uppi á teningnum í bæjarstjórn.

María segir bæjarstjórann ekki hafa komið fram af þeirri háttvísi sem kveðið sé á um í siðareglum fyrir kjörna fulltrúa í Garðabæ. Að sögn Maríu neitaði Gunnar á bæjarráðsfundinum að skýra fyrrgreind orð sín og að þar með sé málinu lokið af hálfu Fólksins í bænum.

Gunnar Einarsson svaraði ekki skilaboðum Fréttablaðsins í gær. - gar, ie

Konum fjölgar um 249%:

## 145% fjölgun í tölvunarfræði

**MENNTUN** Alls voru 1.604 nemendur skráðir í nám við tölvunarfræðideildir í Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík árið 2014. Það er fjölgun um 145,3% frá því fyrir fimm árum. Fjöldi kvenna við tölvunarfræðideildirnar hefur einnig aukist. Árið 2009 voru konur 99 en eru nú 345. „Það er aukning upp á 248%. „Það er engin ein skýring á þessu," segir Yngvi Björnsson, deildarforseti tölvunarfræðideildar við Háskólann í Reykjavík. - fbj / sjá síðu 10


Barnaheill
Save the Children á Íslandi






Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

## SPURNING DAGSINS



Guðrún, er strætó hættur að ganga?

**„Nei, það er engin endastöð fyrir Strætó.“**

Margir gagnrýna breytingar á ferðaþjónustu fatlaðra í höndum Strætó bs. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, þáverandi bæjarstjóri, var ein þeirra sem mælti með breytingunum.

Reykjavíkurborg og Ríkisútvarpið gengu frá samkomulagi um lóðarréttindi og leigusamning:

# Skipulagssamkeppni um byggð á lóð RÚV

**SKIPULAG** Efna á til skipulagssamkeppni um íbúðabyggð með leigu- og séreignaríbúðum á lóðinni Efstaleiti 1. Frá þessu var greint í gær þegar Reykjavíkurborg og Ríkisútvarpið gengu frá samkomulagi um lóðarréttindi og byggingarétt á svæðinu.

Gert er ráð fyrir blönduðu búsetuformi og mun Reykjavíkurborg ráðstafa 20 prósentum af samþykktum íbúðum til uppbyggingar leigumarkaðar en þó aldrei fleiri en 40 íbúðum. Félagsbústaðir hf. munu hafa kauprétt á markaðsverði, fyrir allt að fimm prósentum á lóðinni fyrir félagslegt leiguhúsnæði. Skipulagssamkeppnin nær til 59 þúsund fermetra svæðis.

Jafnframt var undirritaður leigusamningur um hluta Útvarpshússins. Reykjavíkurborg tekur á leigu um 2.600 fermetra, það er 4. og 5. hæð auk hluta af 2. hæð. Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis fær nýtt húsnæði fyrir starfsemi sína í Útvarpshúsinu og er gert ráð fyrir að þjónustumiðstöðin, sem nú er í húsnæði við Síðumúla, flytji inn í maí. Reykjavíkurborg mun gera breytingar á húsnæðinu til að mæta þörfum þjónustumiðstöðvarinnar.

Í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að leigusamningurinn sé til 15 ára og að húsaleiga sé 4,9 milljónir á mánuði. - ibs



**UNDIRRITUN SAMKOMULAGS** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Magnús Geir Þórðarson við undirritun samkomulagsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GLEÐI Í BASEL** Hefð er fyrir kjötkveðjuhátíðum í Sviss. Sú stærsta, sem er í Basel, hófst í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Yfir tíu þúsund í skipulögðum skrúðgöngum í Basel í gær:

## Faschnacht stendur í þrjá daga

**SVISS Fjöldi manns sækir nú kjötkveðjuhátíðir í Sviss, þar sem fjöldi borga tekur þátt í slíkum hátíðahöldum.**

**Stærsta hátíðin, Faschnacht, er haldin í Basel og er búist við að hana sæki nokkur hundruð þúsund manns. Hátíðin, sem stendur í þrjá daga, hófst í gær og tóku þá um tíu þúsund manns þátt í skipulögðum göngum, að því er fram kemur í umfjöllun thelocal.ch.**

**Næststærsta hátíðin er í Lucerne og stendur hún í sex daga. Þar fögnuðu í gær 150 þúsund manns, um 30 þúsund fleiri en í fyrra.** - óká

# Rúður sprungu í flestum bifreiðum

Ofsaveður gekk yfir landið um helgina. Björgunarsveitir áttu fullt í fangi með björgunarstörf á Suðurlandi. Björgunarsveitarmenn fá skemmdir á eigin bílum ekki bættar. Átta bílar voru skildir eftir á milli Péturseyjar og Skóga.

**BJÖRGUN** „Þetta er með því versta sem við höfum lent í. Þarna var mikill skafrenningur og mikil grjóthríð,“ segir Orri Örvarsson í björgunarsveitinni Víkverja á Vík. „Við björguðum um 19 manns og þurftum að skilja eftir átta bíla á milli Péturseyjar og Skóga. Fólk var mjög skelkað, sérstaklega það sem var í bílunum þar sem rúðurnar brotnuðu, þarna var mjög kalt og vindkæling mikil,“ segir hann.

Orri og félagar hans í björgunarsveitinni urðu fyrir tjóni á eigin bifreiðum við björgunarstörf. „Við mættum á okkar eigin bílum á vettvang og lögðum þeim við skála. Í mínum bíl brotnuðu allar hliðarrúður og þarna brotnuðu alls níu rúður hjá okkur í veðrinu. Bílarnir eru allir í kaskó og tryggðir hjá Sjóvá en tryggingafélagið vill ekki gera neitt í þessu vegna þess að það er ekki tryggt ef þetta er laus jarðvegur sem fýkur á bílana,“ segir Orri.

Ofsaveður var á svæðinu á sunnudag og björgunarsveitir þurftu að bjarga fullt af fólki úr bílum sem sátu fastir. Flestir voru erlendir ferðamenn og margir þeirra voru fluttir á Hótel Skaftafell þar sem starfsfólkið tók á móti þeim. Sextíu manns gistu á hótelinu um nóttina en enginn þeirra hafði átt bókaða gistingu. „Veðrin eru ekkert verri en þau hafa verið, hins vegar eru bara miklu fleiri að fara út í þessi veður,“ segir Jónína G. Aradóttir, starfsmaður á Hótel Skaftafelli.

Jónína segir ferðalangana sem komu á hótelið um nóttina marga hverja hafa verið í miklu áfalli vegna veðursins, en rúður sprungu í flestum bílunum.



**BROTNAR RÚÐUR** Ótal bílrúður brotnuðu vegna grjóthríðar. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓNÍNA G. ARADÓTTIR

Um klukkan 18 mældist vindurinn 62 metrar á sekúndu en þá fauk vindmælir í Sandfelli í Öræfum og því eru ekki til tölur um styrk vindsins eftir það. „Sumir hefðu þurft á áfallahjálp að halda en við erum ekki í aðstöðu til að veita hana en við reynum að hjálpa. Sumir voru grátandi og maður reyndi að hugga þá, gefa þeim kaffi og hlúa að þeim.“

Jónína segir nauðsynlegt að með auknum fjölda ferðamanna þurfi að upplýsa þá betur um veður. „Við þurfum að gera betur. Auðvitað var þarna fólk sem var upplýst en ákvað samt að fara af stað, en það eru margir sem gera sér ekki grein fyrir því út í hvað þeir eru að fara. Það þyrfti að upplýsa fólk um þetta strax í flugvélinni. Eins þyrftu að vera veðursíður á ensku þannig að fólk gæti bara leitað sér upplýsinga þar,“ segir hún. - vh, srs

### ➜ Fannst heil á húfi



Kerstin Langenberger, ferðalangurinn sem leitað var að um helgina, fannst heil á húfi um sexleytið í gærmorgun.

„Ég er mjög hissa og þetta er auðvitað smá skammarlegt. Ég vildi ekki að hundrað og eitthvað manns myndu fara og leita að mér. Mér gekk mjög vel, ég vissi af þessu veðri og fór inn í skálann í Hvanngili og leitaði skjóls þar,“ segir Kerstin í samtali við fréttastofu.

Ljósleiðari á Vesturlandi:

## Hringtenging í burðarliðnum

**SAMGÖNGUR** Innanríkisráðherra hefur falið Fjarskiptasjóðnum að styrkja framkvæmd um lagningu og rekstur ljósleiðarahringtenginga um Snæfellsnes og Vestfirði, ef fjarskiptafyrirtæki hafa ekki áform um lagninguna á eigin vegum.

Í dag eru Vestfirðir og Snæfellsnes ekki með hringtengingu ljósleiðara. Síðasta vetur skapaðist óvissuástand á Vestfjörðum vegna þess að tenging landshlutans rofnaði. Hringtenging ljósleiðara er liður í því að auka öryggi í samskiptum.

Ríkiskaup sjá um útboðið fyrir hönd innanríkisráðuneytisins. - sa

Vonskuveður fyrir austan:

## Hlið sem lokar vegi brotnaði af

**VEÐUR** Veghlið í Jökuldal, sem lokar hringveginum upp á Möðrudalsöræfi, brotnaði af í veðurofsanum í gær. Björgunarsveitarmenn sem þurftu að fara upp á Öræfin til að hjálpa vegfarendum í erfiðleikum horfðu á hliðið fjúka af festingum.

Vonskuveður hefur verið um allt land og ferðaveður lítið sem ekkert á stórum köflum.

Til þess að loka heiðinni var bíll frá Vegagerðinni sendur á staðinn. Var hann staðsettur innan við Skjöldólfsstaði á meðan björgunarsveitarmenn athöfnuðu sig á lokaðri heiðinni til að koma vegfarendum í öruggt skjól. - sa

LEIÐIN TIL HOLLUSTU

Skyr.is drykkirnir standast þær ströngu kröfur sem gerðar eru til matvæla sem merktar eru Skráargatinu. Þú getur treyst á hollustu Skyr.is.




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

www.skyr.is

Eldri maður á leið í aðgerð festist í lyftu milli hæða á Borgarspítalanum:

# Togaður upp um rifu á lyftunni

**ÖRYGGISMÁL** Þrennt festist í lyftu á milli hæða á Borgarspítalanum í gær. Algengt mun vera að lyfturnar á sjúkrahúsinu bili.

Meðal þeirra sem voru í lyftunni er hún stöðvaðist milli fjórðu og fimmtu hæðar var 78 ára gamall maður sem var á leið í aðgerð.

Eftir að tæknilið var komið á staðinn varð úr að manninum og tveimur konum sem voru með honum var hjálpað út um mjóa rifu efst við lyftudyrnar. Þrátt fyrir að næðist að koma stól inn til fólksins sem það gat staðið á þurfti að toga manninn á höndunum út úr prísundinni.

Pálmi Þór Ævarsson, yfirmaður öryggismála Landspítalans, segir lyfturnar nýyfirfarnar af eftirlitsaðilum sem gefið hafi þeim grænt ljós. „Það er númer eitt, tvö og þrjú hjá okkur að gæta fyllsta öryggis og kalla til rétta viðbragðsaðila í öllum tilfellum,“ segir Pálmi. - gar




**Á BORGARSPÍTALANUM** Turnlyftan festist milli fjórðu og fimmtu hæðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




ford.is

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## SVONA ERUM VIÐ



**24** uppsjávarskip stunda loðnuveiðar,

**en þau voru vel á fjórða tuginn fyrir nokkrum árum.**

Forstjóri Barnaverndarstofu vill auka eftirlit með kynferðisbrotamönnum:

# Lögreglu skortir heimild í lögum

**FANGELSISMÁL** Forstjóri Barnaverndarstofu vill að löggjafinn veiti auknar heimildir svo hægt sé að fylgjast með dæmdum kynferðisbrotamönnum eftir að þeir hafa lokið afplánun. Slíka heimild er ekki að finna í lögum nú.

„Við vitum að hluti þessara einstaklinga er mjög hættulegur vegna þess að þeim er ekki sjálfrátt. Að minnsta kosti þurfa þeir aðstoð til að halda aftur af þessum hvötum sínum,“ segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu. Jón H. B. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri bendir á að lögreglan geti ekki fylgst með fólki nema tilefni sé til að ætla að viðkomandi ætli eða hafi framið brot. „Ég held að það væri langeðlilegast að það væri bundið í dómi yfir slíkum brotamönnum að eftir að þeir hafa lokið afplánun þurfi þeir að sætta sig við eftirlit í einhver ár,“ segir hann.



**BRAGI GUÐBRANDSSON**

Bragi bendir á að í Bretlandi undirgangist kynferðisbrotamenn sálfræðipróf og í kjölfarið sé metið hversu hættulegir þeir séu umhverfi sínu. „Þetta eru að sjálfsögðu mjög viðkvæm mál og auðvitað megum við ekki stíga nein skref sem torvelda fólki að snúa við blaðinu,“ segir hann. Um leið megi ekki víkja frá því grundvallarmarkmiði að treysta öryggi barna eins og hægt sé. - hh

Framkvæmdir í þjóðgarði:

# Ætla að stækka gestastofuna

**SKIPULAGSMÁL** Þjóðgarðurinn á Þingvöllum ætlar að ráðast í mikla stækkun á núverandi gestastofu á Hakinu. Meðal annars eiga þar að vera móttökusalir fyrir gesti og aðstaða til sölu varnings. Þá stefnir í að afmörkuð verði lóð á Hakinu fyrir nýtt hótel og veitingastað í stað Hótels Valhallar sem brann fyrir fimm árum og sjö mánuðum. Endanleg ákvörðun um staðsetningu hótelsins hefur þó ekki verið tekin. - gar



**AÐSKOTAEFNI** Neytendur eru hvattir til að skila inn vörunni.

Aðskotaefni fannst í eftirliti:

# Innnes kallar inn maísmjöl

**NEYTENDUR** Innnes ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað Rapunzel Polenta maísmjöl.

Við reglubundið eftirlit fannst lyfjavirkt efni, tropaine alkaloids, í mjölinu. Innes innkallar því alla poka af Rapunzel Polenta maísmjölinu og hvetur alla sem hafa vöruna undir höndum til að skila henni til verslunar gegn endurgreiðslu.

Þýska fyrirtækið Rapunzel vinnur að rannsókn til að finna upptökin í samstarfi við viðeigandi matvælastofnanir. - srs

## LEIÐRÉTT

Ranglega var haft eftir Birni Geirssyni, forstöðumanni Póst- og fjarskiptastofnunar, í Fréttablaðinu um helgina, að stofnunin tæki ekki upp mál sem væru til meðferðar hjá öðrum stjórnvöldum, eða að eigin frumkvæði. Rétt tilvitnun hljóðar svo: „PFS tekur almennt ekki upp mál að eigin frumkvæði sem varða tiltekin mál einstaklinga, til dæmis meint brot gegn neytendavernd eða friðhelgi einkalífs í einstökum tilvikum. Þá tekur PFS almennt ekki upp mál sem eru til meðferðar hjá öðrum stjórnvöldum, en samkvæmt fréttum hefur kvörtun vegna þessa máls verið send til Persónuverndar.“

# Leyndarhjúpur yfir fundi skoðaður sem öryggismál

Guðni Einarsson hafnarstarfsmaður getur ekki greint frá því hverjir sátu fund með honum. Formaður hafnarstjórnar taldi ástæðu til að skoða hvort starfsmaðurinn hefði brotið af sér í starfi og ætti skilið áminningu.

**HAFNARFJÖRÐUR** „Hér með tilkynnist að til skoðunar er hvort tilefni er til að veita þér skriflega áminningu fyrir athafnir sem teljast ósæmilegar og óhæfilegar með því að hafa sagt samstarfsfólki, starfsmönnum stéttarfélags þíns og fleirum að bæjarstjóri hafi með óviðeigandi hætti rætt við þig um störf og fyrirkomulag starfa við höfnina á fundi sem þú hafir verið boðaður til í Ráðhúsi Hafnarfjarðar,“ segir í bréfi Unnar Láru Bryde, formanns hafnarstjórnar, til Guðna Einarssonar hafnarstarfsmanns, dagsettu 2. febrúar.

Guðni hefur ekki getað greint frá því við bæjaryfirvöld hverjir hafi setið fund með honum í Ráðhúsi Hafnarfjarðar þann 15. nóvember í fyrra. Þetta kemur fram í greinargerð Hafnarfjarðarbæjar, dagsettri 22. janúar síðastliðinn. Í fyrstu hafi Guðni talið að hann hafi átt fund við Harald Líndal Haraldsson bæjarstjóra, en hann dró það til baka þann 8. desember á fundi með bæjarstjóra.

Hafnarfjarðarbær hefur lagt mikla vinnu í að rannsaka málið með ýmsum hætti. Í greinargerð Kristjáns Sturlusonar, sviðsstjóra stjórnsýslu Hafnarfjarðarbæjar, kemur fram að Guðna hafi verið sýndar myndir af starfsmönnum bæjarins sem hafa aðgang að bæjarskrifstofum um helgar, en Guðni hafi ekki getað munað hverjir það voru sem sátu fundinn.

Félag skipstjórnarmanna gagnrýndi vinnubrögð bæjarins harðlega. Í bréfi frá lögmanni þeirra, dagsettu 6. febrúar, er því haldið fram að farið hafi verið offari gegn Guðna, málið tekið honum miklum óþægindum og óskað er eftir að málið verði fellt niður. „Er engin ástæða til að ætla, að hann fari hér vísvitandi með rangt mál varðandi umræddan fund,“ segir í bréfinu. Greinargerð bæjarins er einnig gagnrýnd harðlega og segir að rannsókn á persónulegum högum Guðna gefi honum alvarlegt tilefni til að skoða réttarstöðu sína.

Guðni segir að tekið hafi verið á móti honum í forstofu ráðhússins og hann verið boðaður með símtali deginum áður. Eftir rannsókn Hafnarfjarðarbæjar á málinu er ljóst að ekki var hringt í hann úr síma bæjarins.



**HARALDUR LÍNDAL HARALDSSON**

„Guðni kveðst ekki hafa þekkt þá sem hann hitti á fundinum og ekki muna hvort þeir hafi kynnt sig með nafni. Hann segir að um hafi verið að ræða tvo karlmenn,“ segir í greinargerðinni. Einnig segir að vegna bilunar í gagnaskráningu aðgangskerfis Hafnarfjarðarbæjar sé ekki hægt að sjá hverjir það voru sem opnuðu dyr eftir klukkan átta um morguninn.

Samstarfsmenn Guðna staðfesta að hann hafi farið frá í hálftíma á laugardeginum þegar fundurinn á að hafa átt sér stað. Þegar hann kom til starfa aftur sagði hann starfsmönnum hafnarinnar frá efni fundarins. Einnig segja þeir honum hafa verið brugðið.

Bæjarstjóri vill ekki tjá sig um málið. Reynt var að ná í Unni Láru Bryde, formann hafnarstjórnar, við vinnslu fréttarinnar en án árangurs.

sveinn@frettabladid.is



**BÆJARSTJÓRNARFUNDUR Í RÁÐHÚSI HAFNARFJARÐAR** Guðni Einarsson segir að tekið hafi verið á móti sér í anddyri Ráðhúss Hafnarfjarðar og að fundurinn hafi farið fram á 2. hæð. Hann veit hins vegar ekki hverjir sátu fundinn með honum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Verða að gera hreint fyrir sínum dyrum



Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði, telur að bæjarstjóri og oddviti meirihlutaflokkanna verði að skýra frá aðkomu sinni að málinu. Einnig telur hann óeðlilegt að kjörnir fulltrúar áminni einstaka starfsmenn bæjarins. „Ég held að það hljóti allir að sjá hversu öfugsnúið og rangt það er að kjörnir fulltrúar séu að hlutast til um málefni einstakra starfsmanna og hvað þá að þeir gangi svo langt að veita þeim áminningu. Þar eru aðilar komnir langt út fyrir umboð sitt. Bæjarstjóri verður að gera hreint fyrir sínum dyrum og forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs verða sömuleiðis að gera grein fyrir sinni aðkomu að þessu máli hafi hún einhver verið. Þau skulda bæjarstjórn og bæjarbúum skýringar.“






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Friedrichshafen | 6° | New York | -5° |
| Aþena | 15° | Gautaborg | 5° | Orlando | 22° |
| Basel | 11° | Kaupmannahöfn | 5° | Ósló | 3° |
| Berlín | 8° | Las Palmas | 19° | París | 8° |
| Billund | 5° | London | 8° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 6° | Mallorca | 17° | Stokkhólmur | 3° |



**Á MORGUN** 10-23 m/s, hvassast syðst.

**FIMMTUDAGUR** Hvassviðri eða stormur NV-til, annars hægari.

**NÆSTI STORMUR** Von er á næstu lægð í fyrramálið með hvassri suðaustanátt og snjókomu syðra og síðan slyddu eða rigningu á láglendi. Vindhraði verður víðast 13-23 m/s og má gera ráð fyrir að færð spillist víða.



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

50
FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI
TOYOTA
MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

# FASTIR LIÐIR Í GÓÐU SAMBANDI

Sértilboð á smurþjónustu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota betri helminginn af febrúar




## 20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva, frostlegi og fleiru.*

## 15% afsláttur

af vinnu við smurningu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota 16.–28. febrúar.

## Engin vandamál - bara lausnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460-4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480-8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420-6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540-4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440-8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440-8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjar | 481-1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455-4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470-5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421-6901 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, bílaperur, rúðuvökvi og frostlögur (afsláttur gildir eingöngu með vinnusölu).

Bókaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fljótlegt.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er dagleg velta á íslenskum hlutabréfamarkaði?
**2.** Hvaða lið varð bikarmeistari kvenna í körfubolta?
**3.** Hver hlaut nýsköpunarverðlaun forseta Íslands?

**SVÖR**
**1.** 1.700 milljónir. **2.** Grindavík. **3.** Benedikt Atli Jónsson.

Eitt stærsta gagnaver heims kemur til með að rísa í Danmörku:

# Apple opnar risastórt gagnaver

**VIÐSKIPTI** Apple hefur ákveðið að reisa eitt af stærstu gagnaverum heims við Foulum í norðausturhluta Danmerkur.

Fjárfesting Apple hljóðar upp á 6,3 milljarða danskra króna sem eru um 126 milljarðar íslenskra króna. Gert er ráð fyrir að gagnaverið skapi um 300 störf auk afleiddra starfa.

Hér hefur líka verið rætt um mikla möguleika til uppbyggingar gagnavera. „Við höfum verið í samskiptum við Apple,“ segir Einar Hansen Tómasson, verkefnastjóri á fjárfestingarsviði Íslandsstofu. „En það er greinilegt að Apple hefur verið lengi í viðræðum við Danina, ég myndi halda að þetta hafi verið svona fjögurra til fimm ára ferli. Fyrst þeir hafa valið Danmörku hlýtur að liggja að baki góður ívilnunarsamningur.“ Fyrir Alþingi liggur ívilnunarfrumvarp frá iðnaðarráðherra. „Þetta snýst allt saman um samkeppni. Við vonum að það verði samþykkt svo að við getum tekið meiri þátt í samkeppninni.“ - srs



**GAGNAVER** Möguleikar á að opna gagnaver á Íslandi eru sagðir miklir. MYND/THOR DATACENTER

Kortleggja gaflaragrínið:

# Bröndurunum dreift um bæinn

**HAFNARFJÖRÐUR** Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðarbæjar hefur lagt til við framkvæmdaráð bæjarins að lagt verði kapp á að bera Hafnarfjarðarbrandara á torg fyrir gesti og gangandi.

Nefndin samþykkti erindið á síðasta fundi og leggur mikið upp úr húmor, glensi, jákvæðni og skemmtilegheitum. Verði verkefnið að veruleika verður hægt að lesa Hafnarfjarðarbrandara víða um bæinn. - sa



**UNDANÚRSLIT** Dómnefndin að störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Matreiðslumaður ársins:

# Keppni í eldun þorskrétta

**FÓLK** Fjórir keppendur af tíu komust áfram úr undanúrslitum í keppninni um matreiðslumann ársins í gær. Keppendum var gert að elda úr íslenskum þorski og munu þeir Atli Erlendsson frá Grillinu á Hótel Sögu, Axel Clausen frá Fiskmarkaðnum, Kristófer H. Lord frá Lava Bláa lóninu og Steinn Óskar Sigurðsson frá Vodafone keppa til úrslita 1. mars næstkomandi.

Keppnin í ár er haldin með nýju sniði og höfðu allir faglærðir matreiðslumenn möguleika á að senda eina nafnlausa uppskrift og bárust nær 20 uppskriftir. - ibs

Láta reyna á samkomulag:

# Áætlunar er að vænta í dag

**GRIKKLAND** Gríska ríkisstjórnin hefur frestað umbótaáætlun sinni til dagsins í dag en til stóð að áætlunin yrði send lánardrottnum Grikkja í gær. Þetta kemur fram á vef BBC.

Með áætluninni ætlar gríska ríkisstjórnin að freista þess að fá lánardrottna sína innan Evrópusambandsins til að lengja í lánum.

Áætlunin miðar að því að koma í veg fyrir umfangsmikil skattsvik og vonast er til þess að slíkar aðgerðir muni tryggja ríkissjóði nægar tekjur til að lágmarka frekari niðurskurð. Sérfræðingar telja að náist samkomulag ekki um umbótaáætlun Grikkja aukist líkurnar á því að Grikkir yfirgefi evrusvæðið. - srs

# Vilja ala bæði bleikju og lax á timbri sem gengur af

**Íslenskir og sænskir vísindamenn nýta afganga úr pappírsframleiðslu til að þróa fóður fyrir eldisfisk. Styrkur hefur fengist til að gera tilraunir með fóðrið til lax- og bleikjueldis, auk þess að þróa viðskiptalíkan um afurðasölu.**

**NÝSKÖPUN** Þekkingar- og rannsóknafyrirtækið Matís og þróunarfélagið Sæbýli ehf. á Eyrarbakka hafa náð góðum árangri í samstarfi við sænska nýsköpunarfyrirtækið SP Processum við að þróa fiskafóður úr aukaafurð sem fellur til við pappírsframleiðslu úr trjáviði.

Beitarfiskur, eða tilapía, vex álíka vel og jafnvel betur á trjáfóðrinu en af hefðbundnu fóðri úr fiskimjöli. Næsta skref verður að þróa fóður sem hentar vel í silungs- og laxeldi.

Athygli á verkefninu er vakin á vef Skógræktar ríkisins þar sem segir jafnframt að þessi nýja tegund prótíns sem unnin er úr timburafurðum gæti í fyllingu tímans skipt miklu máli ef rækta má tré og vinna úr þeim hráefni í fiskafóður og gæti það dregið úr umhverfisálagi vegna fiskeldis í heiminum.

Við þróun þessa nýstárlega fóðurs útbjó Matís mismunandi samsetningar af fóðri sem síðan var gefið beitarfiski í eldiskerum Sæbýlis á Eyrarbakka. Fram undan eru frekari tilraunir á stærri skala og þróun viðskiptalíkans um sölu á afurðunum. Lagt hefur verið af stað með áframhald verkefnisins og nýtur það styrks frá Nordic Innovation, norrænu nýsköpunar- og viðskiptastofnuninni.

Ragnar Jóhannsson, fagstjóri hjá Matís, segir að um sé að ræða aðferð til að nýta sellulósa úr timbri [fjölsykra sem er eitt af næringarefnum í plöntum]. Þegar er efnið nýtt til lyfjaframleiðslu, til fatagerðar, í steypu og framleiðslu á etanóli. Í mjög einfaldaðri mynd eru niðurbrotssykrur sem eftir verða notaðar sem orkugjafi fyrir myglusveppi. Með gerjuninni fæst einfrumuprótín sem nota má við framleiðslu á fiskafóðri.



**BEITARFISKUR** Stækkar jafn hratt eða hraðar og af venjulegu fóðri úr fiskimjöli. MYND/RJ

„Með nýjustu tækni þurfa framleiðendur að huga að nýjum afurðum í stað pappírs – afurðum sem eru einhvers virði. Þetta er ein hugmyndin. Við skoðuðum þetta fyrir beitarfisk, en líka lauslega fyrir bleikju og það kom alveg ágætlega út,“ segir Ragnar en sú niðurstaða er allra athygli verð þar sem íslensk fyrirtæki eru leiðandi í bleikjueldi í heiminum.

Framhaldið verður að þróa áætlanir fyrir sænska viðarvinnslu- og orkufyrirtækið Domsjö Fabriker sem framleiðir umrætt efni í stórum stíl og gera alvöru tilraunir með fóðrið bæði fyrir bleikju og lax. Hráefnið til tilraunanna er frá þessari verksmiðju komið, en yrði viðbót við þeirra framleiðslu ef vel tekst til.

svavar@frettabladid.is



**Við skoðuðum þetta fyrir beitarfisk, en líka lauslega fyrir bleikju og það kom alveg ágætlega út.**

*Ragnar Jóhannsson, fagstjóri hjá Matís.*

Styðja Krabbameinsfélagið næstu þrjú árin:

# SFS að baki mottum

**HEILBRIGÐISMÁL** Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og Krabbameinsfélag Íslands hafa skrifað undir samning til þriggja ára um stuðning SFS við Mottumars, átaksverkefni Krabbameinsfélagsins gegn krabbameinum hjá körlum.

Skrifað var undir samninginn í Saltfisksetrinu í Grindavík og voru nokkrir starfsmenn sjávarútvegsfyrirtækjanna Vísis, Þorbjarnar, Codland og Haustaks viðstaddir. Staðurinn þykir táknrænn fyrir sjávarútveg á Íslandi í fortíð og framtíð en á Saltfisksetrinu er fortíðarinnar minnst en á efri hæð hússins hefur nýsköpunarfyrirtækið Codland aðsetur.

Þá hefur fjölskyldan í Vísi látið sig málefni Krabbameinsfélagsins varða og stutt starfsemina. Með því hefur fjölskyldan viljað sýna þakklæti sitt í verki en Margrét Sighvatsdóttir, móðir Péturs Pálssonar, framkvæmdastjóra Vísis, glímdi við brjóstakrabbamein á miðjum aldri en fékk lækningu. Þá lést faðir hans, Páll H. Pálsson, í þessum mánuði eftir baráttu við krabbamein. - shá



**UNDIRRITUN Í GÆR** Kolbeinn Árnason frá SFS og Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins. MYND/SFS

Lög um Seðlabanka kveða á um að ríkisstjórn geti ekki skipað honum fyrir:

# Vilji Seðlabankans sjálfstæður

**EFNAHAGSMÁL** Vegna lögbundins sjálfstæðis Seðlabankans getur ríkisstjórnin ekki gefið bankanum bein fyrirmæli um lánveitingar.

Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins vakti athygli um helgina en þar var fjallað um ákvörðun Seðlabankans um lánveitingu til Kaupþings haustið 2008. Í því kemur fram að það hafi ekki verið vilji Seðlabankans að taka lokaákvörðun um lánveitinguna heldur hafi það verið vilji ríkisstjórnarinnar að gengið yrði frá afgreiðslu lánsins.

Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands kemur fram að bankinn skuli vera sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Þá kemur fram í lögunum að Seðlabankinn geti veitt lánastofnunum lán gegn tryggingum, auk þess að geta veitt lánastofnunum í lausafjárvanda ábyrgðir eða önnur lán sem bankinn telur þörf á til að varðveita stöðugleika fjármálakerfisins.

Í viðtali við Kastljós þann 7. október 2008 sagði Davíð Oddsson, þáverandi seðlabankastjóri, að það hefði verið ákvörðun Seðlabankans að veita lánið og að samhugur hefði verið á milli þriggja bankastjóra Seðlabankans í málinu. Enn fremur sagði Sigríður Logadóttir, aðallögfræðingur Seðlabankans, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að lánið hefði verið ákvörðun Seðlabankans. Því er ljóst að bankastjórn Seðlabankans vildi að forsætisráðherra yrði samþykkur lánveitingunni til Kaupþings. - þþ, srs



**GEIR OG DAVÍÐ** Fyrrverandi forsætisráðherra og seðlabankastjóri heimiluðu lán til Kaupþings 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

Vann sterkt mót örugglega:

## Nálgast stórmeistaratitil

**SKÁK** Björn Þorfinnsson, alþjóðlegur meistari í skák, tryggði sinn annan áfanga að stórmeistaratitli á Bunratty-skákmótinu á Írlandi á dögunum. Björn hlaut sjö vinninga af níu og vann mótið með miklum yfirburðum. Björn var stigalægsti skákmaður mótsins.


BJÖRN ÞORFINNSSON

Sigurinn tryggir Birni jafnframt keppnisrétt á Evrópumóti einstaklinga á næsta ári, en Skáksamband Íslands greiðir allan keppniskostnað skákmanna sem ná tilteknum árangri á alþjóðlegu skákmóti. - shá

Kosningu lýkur á miðnætti:

## Kjörsókn betri en á síðasta ári

**STJÓRNSÝSLA** Íbúakosningu í Betri hverfum lýkur á miðnætti í kvöld. Kosningin sem Reykjavíkurborg stendur fyrir á vefnum hefur verið betur sótt en undanfarin ár. Um 4.200 manns hafa nú þegar kosið.

„Það er ágætis gangur á þessu,“ segir Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi borgarinnar. „Þetta er auðvitað bindandi kosning þannig að þær hugmyndir sem koma upp úr kössunum fara kannski í útfærslu hjá framkvæmdasviði og síðan beint í útboð. Fyrstu framkvæmdirnar fara af stað strax í sumar.“ - srs

# Ráðgjafarvefur í uppnámi í kjölfar samningsrofs ESB

Áætlað er að tugi milljóna króna vanti til að ljúka þróun vefsins Næsta skref. Vefurinn veitir landsmönnum upplýsingar um nám og störf. Verkefnið var fjármagnað með IPA-styrkjum frá ESB sem ekki eru lengur veittir.

**MENNTUN** Þróun vefsins naestaskref.is, sem veitir landsmönnum upplýsingar um nám og störf, er í uppnámi þar sem ekki liggur fyrir hvernig fjármagna á smíði hans áfram. Þegar Evrópusambandið, ESB, sagði upp samningum um svokallaða IPA-styrki í febrúar í fyrra var styrkveitingum til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem stýrði verkefninu hætt í kjölfarið. Þá hafði 30 milljónum króna verið varið til smíði vefsins. Áætlað var að verkefnið, sem hófst árið 2012, myndi kosta um 100 milljónir.

„Það er mikilvægt að við getum haldið þessari vinnu áfram til þess að vefurinn hafi það gildi sem hann á að hafa. Upplýsingar á vefnum, sem var opnaður í desember síðastliðnum, um störf og nám gætu orðið úreltar eftir tvö til þrjú ár,“ segir Fjóla María Lárusdóttir, sem veitir verkefninu forystu hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Fjóla getur þess að sent hafi verið erindi vegna samningsrofsins til umboðsmanns Evrópusambandsins sem styðji málstað Fræðslumiðstöðvarinnar. „En óvíst er hvort við fáum aftur fjármagn frá Evrópusambandinu. Það er mikilvægt að einhver grípi boltann. Það er mikið í húfi fyrir markhópinn okkar. Það eru komnar um 200 starfs- og námslýsingar á vefinn en við eigum eftir að ljúka hátt í 300 til viðbótar. Við eigum eftir að bæta við gagnvirkum tækjum um meðal annars áhugasviðskönnun sem gæti verið tæki fyrir fólk til að átta sig á hvað það vill verða. Fólk þarf að vita hvaða störf eru á markaði og vita leiðina að þeim. Það er ástæða til að upplýsa um heim starfanna en ekki bara um nám sem er í boði. Við höldum glæðum í vefnum meðan við getum en það er ekki hægt að gera það af afli fyrr en búið er að skilgreina hvar verkefnið á að vera. Féð er horfið og við þurfum að sinna annarri starfsemi.“


GUÐBJÖRG VILHJÁLMSDÓTTIR


FJÓLA MARÍA LÁRUSDÓTTIR

Sérfræðisetur um ævilanga náms- og starfsráðgjöf var samstarfsaðili í þeim þætti verkefnisins sem lýtur að hönnun og þróun vefsins. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, stýrði þeirri vinnu. „Við erum hálfnuð með verk sem lengi var þörf á hér. Nágrannaþjóðir okkar eru allar með svona vefi og þar þykir þetta sjálfsagt. Megintilgangur vefsins er að jafna aðgengi fólks að hlutlausum upplýsingum um nám og störf og veita stuðning á starfsferli í formi ráðgjafar og fræðsluefnis en einnig að vera þeim hvatning sem alla jafna myndu ekki leita persónulegrar náms- og starfsráðgjafar. Nú finnst mér verkefnið vera eins og píanó sem búið er að skera í tvennt og bara vírarnir upp í loftið. Verkefninu var hætt í miðju kafi án þess að gengið væri frá neinu.“


**Í FLUGSKÓLA ÍSLANDS** Á vefnum naestaskref.is eiga að vera gagnvirk tæki og meðal annars áhugasviðskönnun til að auðvelda fólki að átta sig á við hvað það vill starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjóla tekur það fram að vilji sé hjá mörgum hagsmunaaðilum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um að verkefninu verði haldið áfram. „Við þurfum að finna leiðir til að halda áfram að þróa vefinn og uppfæra upplýsingar þannig að hann sé tæki sem gagnast almenningi í því að taka ákvarðanir um náms- og starfsval.“ ibs@frettabladid.is


NISSAN
Innovation that excites

NÝR NISSAN X-TRAIL




NÝR NISSAN X-TRAIL
ACENTA PLUS DÍSIL
EYÐSLA 5,1 L/100 KM*
5.790.000 KR.
Sjálfskiptur, framhjóladrifinn, 7 sæta.

ENNEMM / SIA / NM67489

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

GE bílar, Reykjanesbæ, www.bilahusid.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is




Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800, Bílver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020, Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

BERNHARD

# TRAUSTIR AÐILAR

GERÐU FRÁBÆR KAUP Á NOTUÐUM BÍL FRÁ OKKUR!
BILALAND.IS

ALLT AÐ 90% LÁNAMÖGULEIKAR



HYUNDAI i30 Classic
Nýskr. 08/12, ekinn 45 þús. km.
bensín, beinskiptur.
Rnr. 120591

Frábært verð
2.050 þús.



FORD Focus Trend
Nýskr. 05/11, ekinn 82 þús km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.790 þús.
Rnr. 170395



OPEL Astra Enjoy Turbo
Nýskr. 11/13, ekinn 13 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.750 þús.
Rnr. 131485.



NISSAN Micra Visia
Nýskr. 10/08, ekinn 57 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.180 þús.
Rnr. 142735



KIA Sorento III
Nýskr. 07/13, ekinn 70 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.690 þús.
Rnr. 282258



HYUNDAI i10
Nýskr. 05/13, ekinn 38 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.590 þús.
Rnr. 102424



HONDA Accord Elegance
Nýskr. 07/13, ekinn 37 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 4.090 þús.
Rnr. 282432

bílaland
Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is


Sakaður um að hafa orðið eiginkonu sinni að bana í september síðastliðnum:

# Ákærður fyrir morð í Stelkshólum

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru fyrir manndráp á hendur 28 ára gömlum karlmanni. Hann er sakaður um að hafa orðið eiginkonu sinni að bana í íbúð þeirra í Stelkshólum þann 27. september síðastliðinn. Maðurinn er talinn hafa banað henni með því að þrengja að öndunarvegi hennar.

Ákæran var gefin út þann 2. febrúar og er málið komið á dagskrá Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem það verður tekið fyrir í lok mars. Dómari hefur ákveðið að þinghald verði lokað.

Í tilkynningu frá lögreglu í september kom fram að maðurinn hafði samband við annan aðila sem lét lögreglu vita skömmu eftir miðnætti umrædda nótt. Við komu lögreglu á vettvang vaknaði strax grunur um að andlát konunnar hefði borið að með saknæmum hætti. Börn hjónanna, tveggja og fimm ára, voru á heimilinu nóttina sem konan lést. Í kjölfarið voru börnin sett í umsjá barnaverndaryfirvalda sem komu þeim í vistun hjá vinafólki hjónanna. Við yfirheyrslur lögreglu í kjölfar handtöku hans hélt maðurinn fram sakleysi sínu. Sagði hann konuna hafa svipt sig lífi. Maðurinn hefur verið vistaður á réttargeðdeild Landspítalans undanfarna mánuði. - ktd, vh



**Á RÉTTARGEÐDEILD** Maðurinn hefur verið vistaður á réttargeðdeild Landspítalans undanfarna mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**MIKILL TÖLVUÁHUGI** Áhugi nemenda á tölvunarfræðigreinum hefur aukist mikið undanfarin fimm ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# 150 prósenta fjölgun í tölvunarfræðigreinum

Deildarforseti tölvunarfræðideildar við HR segir að nördastimpillinn hafi verið fjarlægður af tæknigreinum undanfarið. Það ásamt öðru skýri mikla fjölgun nemenda í tölvunarfræðigreinum. Konum fjölgað um 250 prósent á fimm árum.

**MENNTUN** Alls voru 1.604 nemendur skráðir í nám við tölvunarfræðideildir í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík árið 2014. Það er fjölgun um 145,3 prósent frá því fyrir fimm árum, þegar 654 nemendur voru skráðir í tölvunarfræði við báða skólana.

„Það er engin ein skýring á þessu. Við höfum séð það í gegnum tíðina að áhuginn á þessu hefur gengið í bylgjum og ræðst mikið af umfjölluninni í samfélaginu hverju sinni,“ segir Yngvi Björnsson, deildarforseti tölvunarfræðideildar við Háskólann í Reykjavík, um aukinn fjölda nemenda.

Yngvi segir þennan aukna fjölda í tæknigreinum ekki séríslenskt fyrirbæri heldur alþjóðlegt.

„Tæknifyrirtækin sem hafa orðið til síðustu áratugi, Google, Facebook og fleiri, ýta undir áhugann og þar að auki er mikill áhugi fyrir öppum. Tæknin og notkunin er komin svo nálægt fólki.“

Yngvi segir að einnig hafi það sýnt sig að tæknistörfin komi vel út á krepputímum, þá sé þrátt fyrir allt enn mikil eftirspurn eftir fólki með slíka sérþekkingu og það spili vafalaust inn í.

„Svo var gert átak hérlendis í því að efla vitund fólks fyrir tækninámi og mikilvægi slíkrar menntunar,“ segir Yngvi.

Fjöldi kvenna við tölvunarfræðideildirnar hefur einnig aukist. Árið 2009 voru konur 99 en eru nú 345. Það er aukning upp á 248,5 prósent á aðeins fimm árum.

Yngvi segir að Háskólinn í Reykjavík sé nú að taka á móti hæsta hlutfalli kvenna frá upphafi.

„Það er mjög jákvætt. Þetta er praktískt nám og það getur ráðið einhverju. Mögulega er það sem mestu skiptir að tölvunarfræðin hafði svolítinn nördastimpil á sér, ranglega. Fólk er farið að sjá að þetta eru ekki bara störf þar sem fólk er eitt í tölvunni úti í horni í vinnunni heldur gjarnan í hópavinnu, í návígi við annað fólk og ég held að það hafi náðst að breyta þessum stimpli. Oft er um að ræða lifandi og skemmtileg fyrirtæki sem starfa í þessum bransa. Ég held að það hafi áhrif á áhuga almennings og ekki síst stúlkna,“ segir Yngvi. fanney@frettabladid.is



**„Við höfum séð það í gegnum tíðina að áhuginn á þessu hefur gengið í bylgjum og ræðst mikið af umfjölluninni í samfélaginu hverju sinni.**

*Yngvi Björnsson, deildarforseti tölvunarfræðideildar HR.*

**➜ Fjöldi nemenda við tölvunarfræðideildir HÍ og HR**



Eimskip kaupir stærstu hafnarkrana sem settir hafa verið upp hérlendis:

# Kaupir lóðir á Grundartanga

**ATVINNUMÁL** Eimskip hefur gengið frá kaupum á þremur lóðum á iðnaðar- og hafnarsvæðinu við Grundartanga. Samtals eru lóðirnar 22.410 fermetrar. Í frétt frá fyrirtækinu segir að mikil uppbygging sé fyrirhuguð á svæðinu.

Samhliða lóðakaupunum hefur félagið fest kaup á tveimur nýjum hafnarkrönum. Annar kraninn verður staðsettur á Grundartanga þar sem hann mun meðal annars þjónusta álver Norðuráls. Hinn kraninn verður á Mjóeyrarhöfn þar sem hann leysir eldri krana af hólmi. Kranarnir verða stærstu hafnarkranar landsins og sérstaða þeirra er að þeir geta lyft tveimur 20 feta gámum samtímis. Með þessu skapast mikið hagræði við losun og lestun skipa. Kranarnir eru rafknúnir og því umhverfisvænni en eldri olíuknúnir kranar. Einnig koma kranarnir til með að auka rekstraröryggi við losun og lestun skipa félagsins.

Fjárfesting Eimskips í þessum verkefnum er um 1,2 milljarðar króna.

- shá



**SUNDAHÖFN** Nýir kranar eru rafknúnir og umhverfisvænir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Nefnd á vegum Evrópuráðsins segir stjórnvöld ekki hafa orðið við tilmælum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tilmælum ekki fylgt

Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum gagnrýnir íslensk stjórnvöld fyrir að hafa ekki lokið vinnu við að setja hér heildstæða löggjöf um bann við mismunun.

**MANNRÉTTINDI** Íslensk stjórnvöld hafa ekki orðið við tilmælum Evrópunefndar gegn kynþáttafordómum, ECRI, sem ákveðið var fyrir tveimur árum að gerð yrðu að forgangsverkefnum.

Í úttekt nefndarinnar, sem hún sendir frá sér í dag, eru stjórnvöld gagnrýnd fyrir tvennt; að annars vegar hafi þau ekki lokið vinnu við lagafrumvarp um bann við mismunun og hins vegar hafi þau ekki tekið upp í hegningarlög ákvæði um að meta beri til refsihækkunar ef kynþáttafordómar liggja að baki broti.

Á hinn bóginn fagnar nefndin því að Ísland hafi gert úrbætur hvað varðar mosku á Íslandi. Stjórnvöld hafi orðið við tilmælum nefndarinnar um að gefa félögum múslima hér á landi heimild til að reisa mosku og jafnframt útvegað þeim lóð undir mosku.

Að sögn Baldurs Kristjánssonar sóknarprests, sem er fulltrúi Íslands í nefndinni, var það gert í samstarfi við íslensk stjórnvöld þegar ákveðið var að gera að forgangsverkefni þrjú atriði úr annars yfirgripsmikilli skýrslu með athugasemdum og ráðleggingum. Sú skýrsla kom út fyrir tveimur árum.

„Þetta er tilraun af hálfu ECRI til að ýta við stjórnvöldum hér. Það voru fjölmargar athugasemdir og ráðleggingar í skýrslunni en ákveðið var að taka þetta út til að fylgja eftir.“

Nefndin segist hafa fengið vilyrði um það frá félags- og húsnæðismálaráðherra að á næstunni verði lögð fram á þingi tvö frumvörp um bann við mismunun. Bæði þessi frumvörp séu þó að mati nefndarinnar ófullnægjandi.

Annað frumvarpið snýst um bann við mismunun á öllum sviðum daglegs lífs, en gallinn sé sá að það nái aðeins til mismununar vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna.

Hitt frumvarpið gerir ráð fyrir mismunun á víðtækari grunni, sem nær þá til trúar, skoðana, fötlunar, aldurs og kynhneigðar, en það bann eigi aðeins að gilda á vinnumarkaði en ekki á öðrum sviðum þjóðlífsins.

Hvað varðar hina meginathugasemd nefndarinnar þá tekur hún fram að í 70. grein hegningarlaga sé vissulega gert ráð fyrir því að meðal þeirra atriða sem hafa áhrif á refsihæð sé hvað hinum seka hafi gengið til þegar verkið var framið. Kynþáttafordómar séu þó ekki nefndir sérstaklega.

„Þessi nefnd er tæki Evrópuþjóða til þess að efla baráttuna gegn rasisma,“ segir Baldur. „Hún var sett upp af ráðherranefnd Evrópuráðsins fyrir 18 árum.“

> **Þetta er tilraun af hálfu ECRI til að ýta við stjórnvöldum hér. Það voru fjölmargar athugasemdir og ráðleggingar í skýrslunni.**
>
> *Baldur Kristjánsson, sóknarprestur.*

gudsteinn@frettabladid.is






# SKOÐUN

Hvað rúmar stjórnmálaflokkur marga formenn?

## Fjórir formenn Sjálfstæðisflokks

Vopnin snúast hratt í höndum ritstjóra Morgunblaðsins. Í vikulegu Réttlætingarbréfi sínu nýliðinn sunnudag skrifaði hann sig saklausan af því að hafa, sem bankastjóri Seðlabanka Íslands, tekið ákvörðun um að lána Kaupþingi nánast allan gjaldeyrisvaraforða íslensku þjóðarinnar, hinn örlagaríka dag 6. október 2008. Og tekið sem tryggingu hlutabréf í danska bankanum FIH.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Benedikt Jóhannesson, flokksbróðir ritstjórans, er minnugur maður og hann mundi viðtal Sigmars Guðmundssonar í Kastljósi Ríkissjónvarpsins frá 7. október 2008 við þáverandi formann bankastjórnar Seðlabanka Íslands, núverandi ritstjóra.

„Þetta lán er 500 milljónir evra, um 70 milljarðar króna, en það er til mjög skamms tíma, svona brúarlán, bara til þess að gefa þessum banka leyfi til þess að spreyta sig og láta hann ekki falla vegna þess að hann hafi verið beittur of harkalegum aðgerðum,“ sagði þáverandi formaður bankastjórnarinnar. Hann var spurður hvað gerðist ef lánið dygði ekki til bjargar og Kaupþing félli. „Þá mun Seðlabankinn eignast mjög góðan banka í Danmörku, FIH, því við tókum öll hlutabréfin í þeim banka að veði.“

„Varstu sammála þeirri aðgerð að veita Kaupþingi þetta lán? Það var orðrómur um ágreining,“ spurði Sigmar. „Það var algjör eining um það og ég tilkynnti bankastjóra Kaupþings það að það hefði verið niðurstaðan. Það hefur verið eining milli okkar þriggja félaganna í öllum málum. Auðvitað ræðum við málin og nálgumst kannski stundum með mismunandi hætti, en það hefur ekkert mál verið afgreitt frá okkur í ágreiningi,“ var svar seðlabankastjórans 7. október 2008. Þarna var talað skýrt, enginn vafi á hvað var gert og hverjir ákváðu lánveitinguna.

Sami maður og sagði, daginn eftir lánveitinguna, að allir þrír þáverandi bankastjórar Seðlabanka Íslands hefðu verið einhuga um lánveitinguna, skrifar nú að ákvörðunin um lánið hafi verið þáverandi ríkisstjórnar. Einkum þá Geirs H. Haarde, sem á það sameiginlegt með ritstjóra Morgunblaðsins, að vera fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins.

Þarna var stigið á línu. Í vinahópi Geirs þykja skrif ritstjórans ómakleg og þess er beðið að Geir svari fyrir sig. Enn er ekki vitað um einn einasta mann sem tekur undir atburðarásina eins og hún er rakin í Réttlætingarbréfi Morgunblaðsins frá því á sunnudag.

Þeir eru fjórir formenn Sjálfstæðisflokks. Mest fer fyrir þeim sem lengst þeirra var formaður, það er núverandi ritstjóra Morgunblaðsins. Honum tekst ítrekað að beina kastljósinu að sér. Þorsteinn Pálsson, sem einnig er fyrrverandi formaður, hefur aðra sýn en hinir þrír í því máli sem hefur reynst flokknum hvað erfiðast, það er hugsanleg aðild að Evrópusambandinu. Afstaða hans og vilji til að tjá hana ruggar bátnum. Geir H. Haarde hefur eflaust, eftir erfiða pólitíska baráttu, látið sig dreyma um að vera kominn á friðarstól vestur í Bandaríkjunum, þar sem hann er sendiherra Íslands. Þá vó fyrrverandi samherji að honum úr launsátri, en hitti trúlega sjálfan sig fyrir.

Núverandi formaður, Bjarni Benediktsson, þarf að berjast um, innan um alla þessa drauga fortíðar. Forverarnir þrír gera honum erfitt fyrir. Ekki síst ritstjóri Morgunblaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Orðalag skiptir máli

Það eru gömul sannindi og ný að ekkert er til sem heitir fullkomið hlutleysi. Allt sem sagt er og ritað, þar á meðal þessi orð, fela í sér einhverja skoðun, meðvitaða eða ómeðvitaða. Það hvaða orð við veljum til að tjá okkur litast alltaf af skoðunum og hugsunum. Blaðamönnum er sérstaklega mikilvægt að hafa þetta í huga, enda vinna þeir með orð. Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þessari staðreynd, en um leið verða þeir að halda sínum persónulegu skoðunum fyrir utan þær fréttir sem þeir skrifa. Flókið og mótsagnakennt – vissulega, en þannig er nú lífið oft og tíðum og ekkert við því að segja.



### Það sem meint var

Þannig vakti athygli fyrirsögn á frétt DV um helgina. „Kröfuhafar reyndu að komast yfir trúnaðargögn stjórnvalda,“ sagði þar og kipptust margir við. Hvaða óprúttnu aðferðum höfðu kröfuhafarnir ógurlegu nú beitt? Jú, þeir sendu erindi með ósk um aðgang að gögnum um áætlun um losun hafta. Þeim erindum var hafnað. Ekki var fréttin meiri. Það skal upplýst að undirritaður reynir að komast yfir trúnaðargögn stjórnvalda á hverjum degi, með tölvubréfum og símtölum. Af hverju sagði DV ekki bara að kröfuhafar væru ljótir kallar, það var það sem meint var.



### Verðtrygging – gengistrygging

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp sem heimilar einstaklingum að taka gengistryggð lán. Slík lántaka er óheimil en gengistryggð lán voru dæmd ólögleg árið 2010. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingar, skrifaði af því tilefni á Facebook: „Sigmundur Davíð Gunnlaugsson lofaði afnámi verðtryggingar. Hann er búinn að vera forsætisráðherra í nærri tvö ár og ekkert bólar á efndum. En nú er ríkisstjórnin að leggja fram frumvarp um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu. Er verið að afnema verðtryggingu? Nei! Það er verið að heimila gengistryggingu!“

kolbeinn@frettabladid.is
fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Pólitískar hamgærur

MENNING



Sigurjón Baldur Hafsteinsson
dósent við HÍ

Starfsmenn náttúruminjasafna þurfa oft að fást við óboðna gesti á borð við hamgærur (Reesa vespulae). Þetta eru lítil kvikindi, lirfan 5 mm, en bjallan 3 mm, og þrífast þau innanhúss við hita og þurrk. Hamgærur þrífast vel í skordýrasöfnum, á uppstoppuðum dýrum, plöntusöfnum og þær éta einnig skinn og þornað hold. Hamgærur geta valdið miklum usla og skemmdum á söfnum og eru því sérstaklega óvelkomnar. En hætturnar sem steðja að gripum og starfsemi náttúruminjasafna eru fleiri og ekki síst ógnvænlegri. Þolleysi, úrræðaleysi og frestunarárátta í bland við skilningsleysi pólitískt kjörinna fulltrúa getur valdið bæði usla og skemmdum á náttúruminjum og er saga Náttúruminjasafns Íslands gott dæmi um það.

Alþingi Íslendinga hefur samþykkt tvenn lög sem gert hafa Náttúruminjasafn Íslands að höfuðsafni á sviði náttúruminja, fyrst safnalög frá 2001 og síðar lög um Náttúruminjasafn Íslands frá 2007. Um þá lagasetningu ríkir almenn sátt, en þeir fulltrúar sem hafa samþykkt lögin og svo þeir sem komið hafa á eftir og sitja á Alþingi virðast ekki hafa úthald í að knýja á um að þessi lög komi til framkvæmda.

Framkvæmdarvaldið stendur að því er virðist algerlega úrræðalaust í málefnum safnsins, en samkvæmt síðustu fréttum,

**➜ Hamgærur geta valdið miklum usla og skemmdum á söfnum og eru því sérstaklega óvelkomnar.**

stendur það núna á götunni – eða ætti ég frekar að segja, úti í náttúrunni – húsnæðislaust og með litlar fjárveitingar til starfseminnar sem eru í engu samræmi við hlutverk þess og markmið. Frá formlegri stofnun safnsins árið 2007 hafa fjárveitingar til þess farið minnkandi og hvert áfallið á fætur öðru, fyrir tilstuðlan framkvæmdarvaldsins, orðið þess valdandi, að stofnuninni er gert ómögulegt að starfa. Þrátt fyrir að bent hafi verið á mjög vænlegar leiðir til að koma fótum undir starfsemi safnsins s.s. eins og með uppsetningu sýningar í Perlunni, og í þokkabót með hvatningu frá fjölmörgum félagasamtökum og samningsgerð við fjársterka aðila eins og Reykjavíkurborg, er sem algert úrræðaleysi og skilningsleysi hrjái framkvæmdarvaldið.

Í þessu ljósi eru hamgærur hálfdrættingar í samanburði við framferði pólitískt kjörinna fulltrúa gagnvart Náttúruminjasafni Íslands. En þeir síðastnefndu valda ítrekað eyðileggingu á uppbyggingu stofnunar sem ætti að vera Íslendingum mikið kappsmál að sé til staðar og til fyrirmyndar.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Spillingin sem læðist

SAMFÉLAG


Jón Ólafsson


Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir
stjórnarmenn í Gagnsæi, samtökum gegn spillingu

**➜ Eitt er að skilgreina spillingu; annað að fullyrða að hún viðgangist. Eitt vandamálið þar sem spilling ríkir er að spillt kerfi lætur ekki svo auðveldlega rannsaka sig. Sjúklingur sem hafnar rannsóknum gerir lækninn ráðalausan.**

Spilling, hvar sem hún viðgengst, er dýr. Rannsóknir sýna að spilling getur komið í veg fyrir að lýðræði sé virt og hún grefur undan réttarríkinu. Spilling getur sóað náttúruauðlindum og valdið umhverfistjóni. Hún skaðar samkeppni og afskræmir eðlileg viðskipta- og markaðstengsl. Spilling er eins konar tæring í samfélagsgerðinni. Hún grefur undan trausti á stjórnmálum og stofnunum samfélagsins. M.ö.o. spilling skapar vandamál sem ekkert samfélag hefur efni á að leiða hjá sér. Til að takast á við þau þarf að beina skipulögðum aðgerðum að rótum vandans. En hverjar eru rætur spillingar?

Í opinberri umræðu gætir tilhneigingar til að skilgreina spillingu þröngt og því gjarnan haldið fram að um einstök tilfelli sé að ræða þar sem óheiðarlegir eða siðlausir einstaklingar eiga í hlut. Mútur og mútuþægni eru dæmi um þrönga og mjög afmarkaða skilgreiningu á spillingu. Seðlabúnt eða pyngja undir borðið er frumstæð og aldagömul birtingarmynd spillingar. Í nútímasamfélagi eru fleiri og margslungnari leiðir til að múta fulltrúum fyrirtækja eða hins opinbera. Leiðir sérhagsmuna, frænd- og vinahygli birtast líka í mörgu öðru en mútum.

Vandinn við þrönga skilgreiningu spillingar er að með henni er horft fram hjá þeirri staðreynd að stjórnsýsla vestrænna ríkja hefur á undanförnum 20-30 árum verið að umbreytast og færast frá miðstýrðu valdi ríkisins yfir í dreifstýrt kerfi markaðshagsmuna. Þetta umhverfi umbreytinga hefur borið með sér nýja og aukna spillingarhvata og freistnivanda í viðskiptum og stjórnmálum. Nýsköpunin í leiðum til að hagnast persónulega á kostnað samfélagsins hefur blómstrað og í raun sett lýðræðislega og pólitíska ábyrgð í uppnám. En um leið og spillingarhvatar hafa aukist, hefur spilling orðið ósýnilegri.

**Sníkjulíf á samfélaginu**

Þar sem spilling ríkir lifa einstaklingar og hópar sníkjulífi á samfélaginu. Þetta getur verið fólk í opinberum stöðum, þar á meðal kjörnir fulltrúar, en spilling nær einnig til einkageirans að svo miklu leyti sem starfsemi fyrirtækja byggir á trausti almennings. Í þessu flókna umhverfi þrífst ný tegund spillingar, þ.e. lúmsk spilling sem læðist, lætur lítið yfir sér; ekki er nauðsynlegt að lög séu brotin, en túlkun reglna er hagrætt, oft í annarlegum tilgangi. Vísað er til þessarar nýju tegundar spillingar í vestrænum samfélögum sem brots gegn trausti almennings (e. violation of public trust).

Skilgreining á rót þessa vandamáls er hápólitísk. Skilgreiningin gefur ekki aðeins vísbendingu um það til hvers konar aðgerða stjórnvöld þurfa að grípa, heldur afhjúpar hún líka vilja eða viljaleysi til að viðurkenna tilvist spillingar eða spillingarhættu og þar með að aðgerða sé þörf. Afmörkuð og tæknileg skilgreining á spillingu getur leitt til mjög takmarkaðra aðgerða, jafnvel aðgerðaleysis, meðan almennari en um leið lýsandi skilgreining getur gefið vísbendingar um skipulagða nálgun og mismunandi aðgerðir á ólíkum stigum samfélagsins.

Eitt er að skilgreina spillingu; annað að fullyrða að hún viðgangist. Eitt vandamálið þar sem spilling ríkir er að spillt kerfi lætur ekki svo auðveldlega rannsaka sig. Sjúklingur sem hafnar rannsóknum gerir lækninn ráðalausan. Þótt reyndir læknar þekki einkennin og geti greint sjúkdóm án frekari rannsókna er erfitt að réttlæta inngrip nema staðfesta grunsemdir með rannsóknum. Þegar þess er krafist að réttlæta þurfi aðgerðir gegn spillingu með rannsóknum sem sanna tilvist spillingar, er oftast ekkert aðhafst; sjúklingurinn segist vera heilbrigður, en einkennin tala sínu máli. Tæring kerfisins innan frá skapar vantraust á stjórnmálum og stofnunum samfélagsins, misbeiting valds og ábyrgðarleysi fær að viðgangast.

**Margar spillingarhættur**

Leitin að spillingunni sjálfri er því ekki vísasta leiðin til árangurs. Betur fer á því að hugsa um spillingu á sama hátt og um stefnumótun í lýðheilsumálum sem miðar að því að fyrirbyggja vandamál með því m.a. að bæta umhverfi, auka hreinlæti og breyta mannlegri hegðun sem er undirrót lífsstílssjúkdóma. Í stað þess að leita spillingarinnar er betra að beina sjónum að aðstæðum sem eru líklegar til að hvetja til eða skapa spillingu og spyrja hvernig breyta megi slíkum aðstæðum og lágmarka spillingarhættur. Spillingarhættur í íslensku samfélagi eru margar: smæð samfélagsins, skyldleiki og vinátta innan stjórnkerfis og atvinnulífs, skortur á starfsfólki með viðeigandi þekkingu og þjálfun í stjórnsýslu, óformlegir stjórnarhættir, hraðar og illa ígrundaðar ákvarðanir, óljós stefnumótun og slök eftirfylgni, aðhaldsleysi ráðamanna, veikir fjölmiðlar og óburðugt borgarasamfélag eru kjöraðstæður spillingar í stjórnsýslu nútímans.

Trúverðugleiki er fjöregg opinberrar stjórnsýslu. Til að byggja upp og viðhalda trausti á stjórnmálum og stofnunum samfélagsins þarf að skapa trúverðugleika. Til þess að það sé mögulegt þarf að greina og viðurkenna hætturnar þar sem spilling getur þrifist og gera viðeigandi ráðstafanir til að minnka líkur á og helst fyrirbyggja að spillt hegðun geti viðgengist. Það eitt að aðstæðurnar, sem auka líkur á spilltri hegðun, eru til staðar nægir til að grafa undan trausti á stjórnmálum og stofnunum samfélagsins.

Lítið ekki aðeins á eigin hag heldur einnig annarra. Verið með sama hugarfari sem Kristur Jesús var.
www.versdagsins.is

# Jón Gnarr, Guð, Jón Sig. og kennivaldið

TRÚMÁL


Kristín Bjarnadóttir
fv. prófessor

Jón Gnarr er óvenjulegur maður. Hann tekur upp á óvenjulegum hlutum, hugsar óvenju mikið upphátt, en ólíkt mörgum öðrum talar hann aldrei niður til fólks eða sýnir því hroka. Hann hefur deilt með okkur leit sinni að Guði. Áður leitaði hann Guðs meðal kaþólskra en hefur nú misst sjónar á honum. Hann hefur þælt sig í gegnum Biblíuna sem fæst okkar hafa treyst sér til að gera eða talið tímans virði, en er nú kominn að þeirri niðurstöðu að Guð sé ekki til. Það er ekki óeðlileg niðurstaða ef gerðar eru röklegar kröfur. Mörg okkar láta sér nægja að bíða og sjá til hvort málin skýrast ekki síðar, ef til vill á efsta degi. Víst er að ekki er gagn að því að leita uppruna efnislegs alheims í Biblíunni. Hún er barn síns tíma, endurspeglar hugmyndaheima fornaldar og miðalda, sýnir að menn hafa alla tíð leitað skýringa á lífsgátunni, en útskýringu á efnislegum alheimi er vart að finna þar. Gildi hennar er fólgið í öðru.

Jón Sigurðsson ritar grein í Pressuna 16. febrúar í tilefni af grein Jóns Gnarr 14. febrúar í Fréttablaðinu. Jón S. túlkar málflutning nafna síns Gnarr af skilningi og hlýju, telur hann kristinn mann þrátt fyrir allt og nefnir Helgakver og glímu skáldanna Matthíasar Jochumssonar og Gríms Thomsen við trú sína máli sínu til stuðnings. Báðir eru þeir Jónarnir „fyrrverandi", Jón Sigurðsson nefnir sig fyrrverandi skólastjóra og gæti talið margt fleira til en Jón Gnarr er fyrrverandi borgarstjóri. Nú mætti segja að þeir væru báðir „ekki neitt", þeir tala ekki í krafti valds heldur í einlægni sem fullorðnir menn í glímu við lífsgátuna.

**Handhafi kennivalds**

Þriðjudaginn 17. febrúar steig handhafi kennivalds fram á ritvöllinn í Fréttablaðinu, sr. Sigurður Árni Þórðarson, sóknarprestur í Hallgrímskirkju. Hann sagði meðal annars: „Vegna þunnildislegrar túlkunar á átrúnaði og samfélagsferlum hrapar Jón að léttvægum dómum um trúmenn og Guð ... Jón gerir trúmenn að almennum einfeldningum, hæðist að þeim og vanvirðir þá og gerir átrúnað samfélagslega tortryggilegan." Ég hef lesið grein Jóns Gnarr aftur og aftur en ég finn ekki neina dóma þar um trúmenn. Hrapar ekki sr. Sigurður sjálfur að léttvægum dómi um Jón Gnarr og einlæga leit hans að Guði, og hæðist jafnvel að honum? Ber ekki að hlusta og íhuga þegar menn tjá sig af heilum hug, þrátt fyrir að maður hafi komist að annarri niðurstöðu eða vilji að minnsta kosti ekki taka jafn afdráttarlausa afstöðu og Jón Gnarr?

Jón Gnarr sýndi ekki hroka í embætti sínu sem borgarstjóri. Hann beitti vissulega stundum leikaraskap eða hafði uppi leikræna tilburði en hann talaði ekki niður til fólks í krafti valds síns. Nú talar hann af einlægni af valdalausum stóli. Mættu aðrir af því læra, ekki síst þeir sem kennivaldið hafa. Margir eru leitandi, jafnvel sálmaskáldið Matthías Jochumsson orti: „Guð, minn Guð, ég hrópa gegnum myrkrið svarta ..."

Marga kosti er um að velja á vorum tímum. Lengi má tína til sögur af misbeitingu valds í nafni trúarbragða fyrr og síðar. Samt virðist kristnin vera besti kosturinn, siðaboðskapur hennar, líknar-, kærleiks- og friðarboðskapur. Þeir sem kennivaldið hafa skyldu varast að beita því til tyftunar en iðka fremur skilningsríka framkomu, hlýju og umburðarlyndi og stuðla í einlægni að sáttum milli einstaklinga, hópa og þjóða.

## Aðalfundur Landsbankans fyrir árið 2014

Aðalfundur Landsbankans hf. verður haldinn miðvikudaginn 18. mars 2015 kl. 17:00 á Hilton Reykjavík Nordica.

**Dagskrá:**

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum.
   Lagt er til að 1. málsliður 1. mgr. 22. gr. samþykkta Landsbankans orðist þannig:
   *„Á aðalfundi skal kjósa félaginu endurskoðanda í samræmi við lög".*
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Önnur mál.

Hluthafar eiga rétt á því að leggja fram ályktunartillögur og koma málum á dagskrá aðalfundar. Tillögur og óskir um að koma máli á dagskrá aðalfundar þurfa að vera skriflegar og berast bankanum fyrir klukkan 16:00 þriðjudaginn 3. mars. Endanleg dagskrá fundarins og gögn er lögð verða fyrir aðalfundinn verða aðgengileg á vefsíðu bankans 4. mars 2015.



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**PÁLMI VIÐAR SAMÚELSSON**
**Lönguhlíð 3, Reykjavík,**

lést laugardaginn 14. febrúar síðastliðinn á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 26. febrúar kl. 13.00.

**Guðbjörg Íris Pálmadóttir**
**Hildur Pálmadóttir** **Björgvin G. Guðmundsson**
**Snorri Pálmason** **Auður Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri

**MAGNÚS ANNASSON**
**Tjörn á Vatnsnesi,**

lést fimmtudaginn 19. febrúar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Hvammstanga.

**Brynjólfur Magnússon**
**Eðvald Magnússon**
**Geir Magnússon**
**Sesilía H. Magnúsdóttir**
**Svala Ólafsdóttir**
**Freyja Ólafsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir,
bróðir, afi og langafi,

**MAGNÚS JÓHANN SIGURÐSSON**
**fyrrverandi leigubílstjóri,**
**Deildarási 5,**

varð bráðkvaddur 15. febrúar.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 27. febrúar kl. 13.00.

**Margrét Bára Magnúsdóttir**
**Sigríður Inga Magnúsdóttir** **Helgi Sigurðsson**
**Arnar Sindri Magnússon** **Karen Henný Bjarnadóttir**
**Kolbrún Edda Júlínusdóttir** **Davíð Karl Karlsson**
**Klemenz Ragnar Júlínusson** **Halldóra María Hauksdóttir**
**Erling þór Júlínusson** **Erica Oroszlany**
**Ólafur Bjarni Sigurðsson**
**Hanna Heiðbjört Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Þökkum auðsýnda samúð vegna andláts
föður okkar, afa og langafa,

**JÚLÍUSAR BJÖRNS MAGNÚSSONAR**
**(DÚLLA)**
**Lindasíðu 2, Akureyri.**

Þökkum öllum þeim sem studdu hann síðustu ár.

**Kristján Júlíusson** **Aldís Hannesdóttir**
**Jóhanna Júlíusdóttir** **Árni Þorvaldsson**
**Jóna María Júlíusdóttir** **Helgi Þór Þórsson**
**afabörn og langafabörn.**



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR EBBI PÉTURSSON**
**Leirutanga 43a, Mosfellsbæ,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir, fimmtudaginn 19. febrúar sl.

**Pétur Heimir Guðmundsson** **Heiðveig Andrésdóttir**
**Magnús Snorri Guðmundsson** **Sunna Mjöll Sigurðardóttir**
**Guðmundur Atli Pétursson** **Sandra H. Harðardóttir**
**Kristín Þóra Pétursdóttir** **Grímur Helgason**
**Amelía Rún og Aron Berg**



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HERMANN KRISTINSSON**
**Hávegi 9, Kópavogi,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð sunnudaginn 15. febrúar sl. verður jarðsunginn frá Digraneskirkju miðvikudaginn 25. febrúar kl. 13.00.

**Sigurlín Hermannsdóttir** **Ingólfur Sigurjónsson**
**Rúnar Þór Hermannsson**
**Kristbjörg Hermannsdóttir**
**Ásta S. Karlsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

**ÞETTA GERÐIST:** 24. FEBRÚAR 1924

## Stytta af Ingólfi gefin landi og þjóð

Styttan af Ingólfi Arnarsyni var afhjúpuð á Arnarhóli þennan mánaðardag árið 1924 að viðstöddu miklu fjölmenni. Í fréttum frá þeim tíma er reyndar talað um líkneski en ekki styttu eins og nú tíðkast.

Líkneskið var gert af Einari Jónssyni myndhöggvara en hann var ekki viðstaddur vígslu þess því hann var staddur í útlöndum. Það var Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík sem kostaði gerð listaverksins og gaf það landi og þjóð. Formaður félagsins, Jón Halldórsson trésmíðameistari, afhenti landsstjórninni verkið við afhjúpun og Sigurður Eggerz forsætisráðherra þakkaði gjöfina.





**Á SVIÐINU** Ingimundur og dæturnar Elísabet og Katrín ásamt Ágústu Evu Erlendsdóttur og Erni Árnasyni í gervum Línu og herra Langsokks.
MYND/BORGARLEIKHÚSIÐ

# Heldur betur eftirminnileg leikhúsferð

Þrjátíu og fimm þúsundasti leikhúsgesturinn á Línu Langsokk mætti í Borgarleikhúsið um síðustu helgi. Hann var sóttur út í sal, ásamt sínu fólki, af sjálfum herra Langsokki.

Lína Langsokkur heldur áfram að heilla leikhúsgesti á öllum aldri og ekkert lát er á vinsældum leikritsins í Borgarleikhúsinu, í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Sýndar hafa verið yfir 60 sýningar og hefur verið uppselt á þær allar.

Ingimundur Gestsson lagermaður var á sýningunni um Línu um síðastliðna helgi ásamt átta ára tvíburadætrum sínum, Elísabetu og Katrínu. Herra Langsokkur sótti þau þrjú út í sal og færði þeim blóm og gjafakort fyrir fjóra á sýninguna Billy Elliot í tilefni þess að eitt þeirra var gestur númer þrjátíu og fimm þúsund.

„Þetta var rosalega skemmtileg sýning og þvílíkt gaman að fá svona aukabónus,“ segir Ingimundur þegar slegið er á þráðinn til hans. En var honum og dætrunum sagt frá því þegar þau gengu í salinn að þau væru svona heppin?

„Nei, ekki fyrr en í lok sýningar. Þá sagði Örn Árnason, í gervi herra Langsokks, að þetta væri nú ekki alveg búið og tilkynnti að gestur númer þrjátíu og fimm þúsund væri í salnum, hann sæti í sætaröð númer átta í sæti númer tíu. Svo beindist kastljósið að annarri dóttur minni og nafn konu minnar Elínar Bjarkar Björnsdóttur var lesið upp því hún hafði keypt miðann minn, en var ekki með okkur. Við drifum okkur öll þrjú upp á svið og tókum við gjöfunum. Svo fengum við að fara inn á sviðið og skoða leikmyndina, inn í búningsklefa til leikaranna og sjá nánast hvernig allt fer fram baksviðs. Þetta verður heldur betur eftirminnileg leikhúsferð fyrir okkur öll.“

Ingimundur segir dætur hans hafa upphaflega fengið miðana á Línu í jólagjöf frá ömmu þeirra, þannig að segja megi að hver gjöfin reki aðra. „Við erum dugleg að fara í leikhús,“ segir hann. „Þannig að þessir miðar á Billy Elliot koma sér vel.“

gun@frettabladid.is

**„Við drifum okkur öll þrjú upp á svið og tókum við gjöfunum. Svo fengum við að fara inn á sviðið og skoða leikmyndina, inn í búningsklefa til leikaranna og sjá nánast hvernig allt fer fram baksviðs**

### ➜ Höfundurinn



Astrid Lindgren, höfundur Línu Langsokks, er einn ástsælasti barnabókahöfundur allra tíma. Hún fæddist 14. nóvember 1907 í Smálöndum í Svíþjóð og lést í Stokkhólmi 28. janúar 2002, 94 ára að aldri. Hún skrifaði samtals 40 barnabækur og fjölda myndabóka.

# Aðgengilegt fyrir áheyrendur

Básúnukvartettinn Los Trombones trans Atlantico kemur fram á hádegistónleikum í Hafnarfjarðarkirkju í dag. Kaffisopi er eftir tónleikana sem eru ókeypis.

„Við erum með ágæta efnisskrá. Á henni er meðal annars hið hið magnaða verk Quartet de forme Liturgique eftir Jacques Charpentier. Það er fallegt og aðgengilegt fyrir áheyrendur en býsna flókið í samsetningu og því talsverð áskorun að spila það,“ segir Stefán Ómar Jakobsson básúnuleikari. Stefán er einn þeirra sem tilheyra kvartettinum Los Trombones trans Atlantico sem spilar á hádegistónleikum í Hafnarfjarðarkirkju á morgun, 24. febrúar, milli klukkan 12.15 og 12.45.

Stefán nefnir líka verkið Coral sem er eftir annan básúnuleikara kvartettsins, Ingibjörgu Azima, sem einnig spilar í rokksveitunum Smurjóni og Sauðreknum.

Kvartettinn Los Trombones trans Atlantico var stofnaður í apríl 2014 af David Bobroff, bassabásúnuleikara í Sinfóníuhljómsveit Íslands og þá er aðeins ónefndur sá fjórði í kvartettinum, það er Carlos Caro Aguilera.

Kaffisopi er á könnunni eftir tónleikana í Hafnarfjarðarkirkju og aðgangur er ókeypis. - gun



**HAFNARFJARÐARKIRKJA** Básúnutónar munu hljóma í kirkjunni í hádeginu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**RÆTT UM HEIMILISOFBELDI**
**Heimilisofbeldi, viðbrögð – úrræði – nýjar leiðir er yfirskrift morgunverðarfundar samstarfshópsins Náum áttum, sem haldinn verður á Grand hóteli í Reykjavík á miðvikudaginn klukkan 8.15 til 10. Nánar á naumattum.is.**




Situr þú í skítnum?
Hreinsandi
fyrir alla muni
Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is


Háar í mittið
Stretch
Gallabuxur á 15.900 kr.
2 litir: blátt og svart.
Str. 34 - 48 (50)
Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-16
black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook


# NORÐURKRILLIÐ ER KOMIÐ AFTUR

**GENGUR VEL KYNNIR** *Norðurkrill sem er loksins komið aftur í verslanir! Norðurkrill er eitt hreinasta og öflugasta formið af ómega-3 fitusýrum.*

NORÐURKRILL er hrein, náttúruleg afurð, unnið úr smáfiskinum krill eða suðurhafsljósátu.

Krill er veitt í Suðurhöfum og inniheldur náttúrulega andoxunarefnið astaxantín (eitt öflugasta andoxunarefni sem völ er á).

### LÍFSNAUÐSYNLEG FITUSÝRA

„Ég kalla ómega-3 lífsnauðsynlega fitusýru því að líkaminn getur ekki framleitt hana sjálfur. Til þess að hún NÝTIST okkur þarf hún að bindast og þá er mikilvægt að ómega-3 fitusýran sé rík af EPA og DHA og það er mikið af þeim keðjum í krillolíunni,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Gengur vel ehf.

***Rannsóknir hafa sýnt fram á að inntaka á ómega-3 fitusýrum hefur verulegan heilsufarslegan ávinning í för með sér, svo sem fyrir:***

- hjarta- og æðakerfið
- einbeitingu og minni
- heila og taugakerfi
- hátt kólesteról
- lifrarstarfsemi
- teygjanleika húðarinnar
- geðheilsu
- bólgur og liðverki

### HVERNIG FÁUM VIÐ ÓMEGA-3?

Við fáum ómega-3 meðal annars úr feitum fiski, hnetum og fræjum.

Fjölmargar rannsóknir benda til þess að inntaka á ómega-3 geti haft jákvæð áhrif á andlega þætti eins og einbeitingu og aukið eiginleika til að læra og muna. Við hvetjum þig til að prófa nýjan ómega-3 gjafa og fjárfesta í sjálfum þér.





**LÍFSNAUÐSYNLEGT**
Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Gengur vel ehf.




### ÓMEGA-3

„Ég kalla ómega-3 lífsnauðsynlega fitusýru því að líkaminn getur ekki framleitt hana sjálfur.“

## GOTT FYRIR MINNIÐ

**„Ég hef verið að glíma við ADHD og hef átt í miklum erfiðleikum með að muna. Eftir að ég hóf að taka Norðurkrill finn ég gríðarlegan mun á minninu og athyglinni almennt.“**

***Sigurður Hannesson***

## SÖLUSTAÐIR

Lyf og heilsa, Apótekarinn, Lyfja, Heilsuhúsið, Apótek Vesturlands, Siglufjarðarapótek, Fjarðarkaup og Krónan.


Natural Health Labs

RASPBERRY KETONES
Hindberja brennsla
- Eykur fitubrennslu
- Hamlar fitusöfnun
- Jafnar blóðþrýsting
- Eykur orku og úthald




MAGNOLIA OFFICINALIS
Heilbrigður svefn
- Stuðlar að heilbrigðum svefni
- Hjálpar við að hefja svefn
- Stuðlar að samfelldum svefni
- Vinnur gegn þunglyndi og kvíða




GARCINIA CAMBOGIA
Citrus brennsla
- Dregur úr svengd
- Dregur úr sætuþörf
- Minnkar líkur á kvöldsnarli
- Hindrar fitu-uppbyggingu




CURCUMIN
Gullkryddið
- Styrkir liðamót
- Vinnur gegn bólgum
- Vinnur gegn gigt
- Eflir starfsemi hjarta- og æðakerfis




Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Lyfja, Apótekið, Apótekarinn, Lyf og Heilsa, Lyfsalinn, Hagkaup, Fjarðarkaup, Lifandi Markaður, Sportlíf, Heilsuhornið Blómaval, Heilsuver, Heilsulausn.is og Heimkaup

BALSAM.ehf Býður betra val
Alltaf 100% náttúrulegt
www.balsam.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# FLJÓTANDI TURMERIK SOLARAY

**HEILSA KYNNIR** *Turmerik er mikið notað í mat í Austurlöndum og tengist mikið inn í ayurvedíska læknisfræði.*

Frá Solaray má nú fá fljótandi turmerik sem auðvelt er að taka inn eða bæta út í þeytinginn. Ein pípetta á dag í vatni eða safa gefur um það bil 1.000 mg af hreinu turmeriki.

Turmerik er mikið notað í mat í Austurlöndum og tengist mikið inn í ayurvedíska læknisfræði, en það eru óhefðbundnar lækningaaðferðir sem hafa verið stundaðar í þúsundir ára.

**TURMERIK ER TALIÐ VERA:**

- **verkjastillandi**
- **bólgueyðandi og**
- **bæta minnið**

Auðvelt er að skilja mikilvægi turmeriks sem viðbót við heilbrigðan lífsstíl, og hvers vegna nútímarannsóknir horfa núna svona mikið á gæði og gildi þess í líkamanum.

*Solaray fæst eingöngu í apótekum og heilsuvöruverslunum.*







Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is






**EFTIRBÁTAR** Um fjórðungur fullorðinna Íslendinga sefur innan við sex klukkustundir á sólarhring sem er minna en víðast hvar annars staðar. NORDICPHOTOS/GETTY

# SVEFNKLUKKAN RANNSÖKUÐ

**GÓÐUR SVEFN** *Rannsóknir sýna að of lítill svefn er skaðlegur heilsu mannsins. Nú er verið að rannsaka svefnvenjur Íslendinga í fyrsta sinn síðan 1995.*

Nú stendur yfir rannsókn á svefnvenjum Íslendinga en markmið hennar er að kortleggja svefnvenjur og tengja þær ýmsum þáttum sem varða heilsufar og lífsgæði. Búið er að senda bréf til 10.000 Íslendinga á aldrinum 10-70 ára þar sem þeim er boðið að taka þátt og svara með rafrænum hætti. Svefnvenjur Íslendinga hafa ekki verið sérstaklega rannsakaðar í 20 ár og því er rannsóknin löngu tímabær að sögn Bjargar Þorleifsdóttur, lektors í lífeðlisfræði við læknadeild Háskóla Íslands (HÍ). Auk hennar skipa rannsóknarhópinn Ingunn Hansdóttir, lektor í sálfræði við HÍ, Erla Björnsdóttir sálfræðingur og Lárus S. Guðmundsson, lektor í lyfjafræði við HÍ.

Björg segir tilgang rannsóknarinnar alls ekki vera þann, eins og sumir virðast halda, að afla niðurstaðna sem nota megi í áróðursskyni til seinkunar klukkunnar. „Verði staðarklukkunni mögulega seinkað væri vísindalegur samanburður milli þessara gagna sem nú safnast og gagna úr endurtekinni rannsókn mögulegur."

Áhersla verður lögð á að skoða áhrif árstíða á svefninn og er rannsóknin því gerð nú í skammdeginu og aftur yfir hásumarið. „Fyrri rannsóknir hafa sýnt að Íslendingar fara seinna að sofa og þeir sofa skemur en aðrar Evrópuþjóðir. Ein möguleg skýring af nokkrum er sú að hér hefur verið of fljót staðarklukka í nærri 50 ár. Aðrar skýringar eru til dæmis aukin raflýsing og tækjanotkun í nútímasamfélagi. Birta af tölvuskjáum og snjallsímum hefur mikla bláa birtu sem truflar eðlilega myndun svefnhormónsins melatóníns á kvöldin."

## OF LÍTILL SVEFN

Björg nefnir að rannsókn sem gerð var 1985-1995 hafi sýnt að íslenskir unglingar sofni að minnsta kosti einni klukkustund síðar en jafnaldrar í nokkrum Evrópulöndum og sofi einnig skemur. Nýleg úrvinnsla á þessum sömu gögnum gefur vísbendingar um að 50% íslenskra unglinga á aldrinum 16-19 ára hafi verulega seinkaða líkamsklukku. Afleiðing þess eru m.a. erfiðleikar með að sofna á kvöldin, geta jafnvel ekki sofnað fyrr en talsvert eftir miðnætti, en þurfa eftir sem áður að vakna snemma á morgnana til að mæta í skólann. „Þessir unglingar fá því alltof lítinn svefn á virkum dögum. Mikilvægt er að skoða hversu algeng slík seinkun á líkamsklukkunni sé meðal Íslendinga og hvort það skýri styttri svefn meðal landsmanna."

Samkvæmt nýlegri könnun Embættis landlæknis sefur um fjórðungur fullorðinna Íslendinga innan við 6 klukkustundir á sólarhring. Björg nefnir að sífellt fleiri rannsóknir renni stoðum undir það að svo lítill svefn sé skaðlegur heilsu mannsins. „Innan við sex tíma svefn er talinn ávísun á sjúkdóma. Til dæmis offitu, sykursýki 2, hjarta- og æðasjúkdóma, meltingarfærasjúkdóma og þunglyndi svo nokkur dæmi séu nefnd."

Rannsókninni lýkur nú í febrúarlok enda daginn tekinn að lengja mjög. Svörunin hefur verið ágæt hingað til að sögn Bjargar en mætti þó vera miklu betri. „Ég hvet alla þá sem fengu bréf til að svara af því að hver einstaklingur skiptir máli í svona rannsókn sem miðar að því að afla upplýsinga um heilsufar."

starri@365.is



**STYTTRI SVEFN** „Fyrri rannsóknir hafa sýnt að Íslendingar fara seinna að sofa og þeir sofa skemur en aðrar Evrópuþjóðir," segir Björg Þorleifsdóttir, lektor við HÍ. MYND/STEFÁN



**HRAFNHILDUR JÓNSDÓTTIR** mælir með Zuccarin. Hún getur nú sagt „nei, takk“ við sælgæti. MYND/GVA



**JOHNNY PETTERSEN** kom viðskiptavinum sínum í betra form með því að selja þeim Zuccarin-töflurnar.



**RÓSA HARÐARDÓTTIR** fann fyrir vanlíðan eftir að hafa borðað sælgæti og kökur. Eftir að hún fór að taka inn Zuccarin hefur hún litla löngun í sætindi. MYND/STEFÁN

IceCare
Þín heilsa

## SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

***Zuccarin er fáanlegt í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.***

# LÖNGUN Í SÆTINDI NÁNAST HORFIN MEÐ ZUCCARIN

**ICECARE KYNNIR** *Zuccarin-töflurnar eru fæðubótarefni sem inniheldur engin lyf. Töflurnar henta þeim sem þurfa að minnka kaloríuinntöku, brenna fitu eða draga úr sykurnotkun. Fólk á auðveldara með að halda sig frá sælgæti og sykri með inntöku Zuccarins.*

Hrafnhildur Jónsdóttur hefur verið sólgin í sykur í ansi mörg ár. „Mér leið alltaf hálfilla þegar ég var búin að borða nammi eða kökur. Ég var mjög virk fyrsta hálftímann á eftir en svo varð ég orkulaus og þreytt. Orkuleysið kallaði svo á meiri sykur og þannig gekk þetta áfram,“ segir Hrafnhildur.

Hún reynir að hugsa vel um heilsuna, borða hollan mat og fara í ræktina en segir sykurneysluna hafa verið stóran löst í sínu lífi. „Mig langaði til að losna við aukakílóin og ekki vildi ég enda með sykursýki 2 eða aðra sjúkdóma en ég var hins vegar ekki nógu viljasterk til að segja nei af því að sjúkleg löngun í sykur var alltaf til staðar.“

Hún segir það geta verið mjög erfitt og nánast vonlaust að halda sig frá sykrinum þar sem hann er í nánast öllu sem við borðum. „Og því meira sem við borðum þeim mun sólgnari verðum við í meira. Það getur verið erfitt að segja „nei, takk“ við kökum og góðgæti í veislum og fá sér til dæmis hnetur í staðinn. Mér hefur allavega ekki tekist að losna við sykurpúkann sem hefur setið á öxlinni á mér og hvíslað að mér í hvert skipti að ég eigi nú skilið smávegis súkkulaði.“

Eftir að Hrafnhildur fór að taka inn Zuccarin-töflurnar getur hún hins vegar sagt „nei, takk“ við sælgæti eða látið duga að fá sér smávegis. „Mér finnst ég vera orkumeiri og mittismálið hefur aðeins minnkað sem er ekki verra. Ég mæli því eindregið með Zuccarin.“

### EKKI LENGUR ORKULAUS

Rósa Harðardóttir skólasafnskennari hefur gert margar tilraunir til að útloka sykur úr daglegri fæðu sinni með misgóðum árangri. „Ekkert er eins gott og góður súkkulaðimoli eftir góða máltíð en ég hef átt erfitt með að standast sykur og sætindi. Sykurinn er nánast í öllum mat og því er erfitt að halda sig frá honum. Ég hef fundið fyrir vanlíðan eftir að hafa borðað sætindi og kökur, finn til í skrokknum og fæ höfuðverk. Oft hef ég fundið fyrir aukinni orku eftir að hafa fengið mér sætindi en verð orkulaus og þreytt fljótlega á eftir,“ segir Rósa.

Hún hefur í gegnum tíðina lagt sig fram við að borða hollan og næringarríkan mat og hreyfa sig daglega en sykurlöngunin er alltaf til staðar. „Ég hef talið að mig vanti viljastyrk til að neita mér um sætindi þegar þau eru á boðstólum. Eftir að ég fór að taka Zuccarin er þetta hins vegar ekkert mál. Ég hef nánast enga löngun í súkkulaði og önnur sætindi og finn að ég er öll kraftmeiri.“

### BLÓÐSYKURINN Í JAFNVÆGI

Zuccarin-töflurnar eru aðallega unnar úr laufum af japanska mórberjatrénu. Einnig innihalda þær króm. Laufin innihalda sérstakt efni sem kallast DNJ en það getur komið í veg fyrir upptöku sykurs úr matnum sem við neytum. DNJ getur því haldið blóðsykrinum í jafnvægi og minnkað löngun í sykur. Króm getur hjálpað til við að viðhalda eðlilegum efnaskiptum. Zuccarin er auðvelt í notkun. Taktu eina töflu fyrir hverja máltíð og þú finnur fljótt muninn.

### MAÐURINN SEM KOM BÆNUM Í GOTT FORM

Álasund er bær í Noregi þar sem margir íbúanna fóru að taka inn fæðubótarefni sem kom þeim í betra form. Þetta byrjaði allt saman þegar viðskiptavinur Johnny Pettersen, eiganda heilsubúðar á svæðinu, spurði hann um ráð til þess að minnka sykurlöngun.

„Ég gaf viðskiptavini mínum Zuccarin-töflurnar þar sem mulberry-þykknið er þekkt fyrir að koma jafnvægi á blóðsykurinn eftir máltíð, sem er mikilvægt til að minnka löngun í sykur. Það virkaði mjög vel,“ sagði Pettersen. „Eftir því sem tíminn leið tók ég eftir því að viðskiptavinir mínir voru að komast í betra form. Það gerði mig forvitinn og ég fór að rannsaka áhrif mulberry-þykknisins. Það sem gerist er að laufin leiða til lægri insúlínseytingar eftir máltíð, sem veldur því að líkaminn safnar minni orku í formi fitu og fer þess í stað að brenna uppsafnaðri líkamsfitu. Þetta var ástæðan fyrir því að viðskiptavinir mínir komust í betra form. Eftir að árangurinn fór að koma í ljós hjá fyrstu viðskiptavinunum, breiddist þetta hratt út. Á síðastliðnum tólf mánuðum hef ég líklega unnið með yfir 1.500 viðskiptavinum í Álasundi sem hafa byrjað að taka inn Zuccarin. Það hefur borið gríðarlegan árangur.“




### GETUR SAGT NEI, TAKK!

„Það getur verið erfitt að segja „nei, takk“ við kökum og góðgæti í veislum og fá sér til dæmis hnetur í staðinn. Mér hefur allavega ekki tekist að losna við sykurpúkann sem hefur setið á öxlinni á mér og hvíslað að mér í hvert skipti að ég eigi nú skilið smávegis súkkulaði.“ Eftir að Hrafnhildur fór að taka Zuccarin-töflurnar getur hún hins vegar sagt „nei, takk“ við sælgæti eða látið sér duga að fá sér smávegis. „Mér finnst ég vera orkumeiri og mittismálið hefur aðeins minnkað sem er ekki verra. Ég mæli því eindregið með Zuccarin.“




FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN?

KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer 800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is

Póstdreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ



**OFÞYNGD** Börnum með offitu hefur fjölgað mjög á síðustu áratugum. NORDICPHOTOS/GETTY

# LÍFSGÆÐI BARNA MEÐ OFFITU

**RANNSÓKN** *Fjölskyldumiðuð atferlismeðferð fyrir börn með offitu hefur jákvæð áhrif á líkamsþyngdarstuðul og lífsgæði barnanna meðan á meðferð stendur. Líkamsþyngdarstuðullinn helst áfram lægri þegar til lengri tíma er litið en lífsgæðin virðast detta í sama farið eftir einhvern tíma.*

Bryndís Kristjánsdóttir varði nýverið meistaraverkefni sitt í lýðheilsuvísindum frá læknadeild. Verkefnið ber heitið „Árangur fjölskyldumiðaðrar atferlismeðferðar fyrir börn með offitu á líðan, lífsgæði og líkamsþyngdarstuðul“.

„Áhugi minn á offitu barna vaknaði þegar ég sat tíma í barnasálfræði hjá Urði Njarðvík í grunnnámi mínu í sálfræði. Í BS-ritgerð minni fjallaði ég um doktorsverkefni Þrúðar Gunnarsdóttir sem gerði raunprófun á fjölskyldumiðaðri atferlismeðferð fyrir of feit börn í klínískum aðstæðum,“ segir Bryndís sem síðan fór í framhaldsnám í lýðheilsuvísindum. „Þá hafði ég samband við Berglindi Brynjólfsdóttur sem hefur yfirumsjón með fjölskyldumiðaðri atferlismeðferð, sem þróuð hefur verið og fer fram í Heilsuskóla Barnaspítalans, og fékk að vinna úr þeim gögnum sem þar var að finna.“

**FRAMKVÆMDIN**

„Markmið rannsóknarinnar var að meta árangur meðferðarinnar út frá líðan, lífsgæðum og stöðluðum líkamsþyngdarstuðli,“ segir Bryndís en úrtak rannsóknarinnar samanstóð af 43 börnum með offitu á aldrinum 7-12 ára og öðru foreldri hvers barns.

Alls lauk 31 þátttakandi sex vikna meðferð. Meðferðin samanstóð af 18 hóp- og einstaklingstímum sem áttu sér stað þrisvar í viku á sex vikna tímabili. Eftirfylgd meðferðarinnar fór fram þremur, sex og tólf mánuðum eftir að sex vikna meðferð lauk. Hæð og þyngd var mæld hjá þátttakendum. Spurningalisti var lagður fyrir börnin sem meta átti lífsgæði þeirra og einnig voru spurningalistar lagðir fyrir foreldra þeirra sem meta áttu líðan og lífsgæði barnanna.

**LÍKAMSÞYNGD OG LÍFSGÆÐI HALDAST EKKI Í HENDUR**

Helstu niðurstöður Bryndísar voru þær að meðferðin hafði áhrif á líkamsþyngdarstuðul barnanna og hafði einnig jákvæð áhrif á lífsgæði á meðan á meðferðinni stóð. „Þegar til lengri tíma er litið þá hélst líkamsþyngdarstuðullinn áfram lægri en áður en hins vegar minnkuðu lífsgæðin,“ segir Bryndís. Lífsgæðin við eins árs eftirfylgd mældust þannig þau sömu og við upphaf meðferðarinnar.

Rannsóknargögnin gáfu ekki til kynna hvers vegna lífsgæði og líkamsþyngdarstuðull þessara barna héldust ekki í hendur. „Því þyrfti áframhaldandi rannsókn að svara,“ segir Bryndís en veltir þó fyrir sér hvort aukin eftirfylgd gæti gert gæfumuninn.

„Til dæmis mættu 54 prósent barnanna ekki í tólf mánaða eftirlitið og því spurning hvort ekki þyrfti að fylgja börnunum og fjölskyldum þeirra betur eftir í lengri tíma.“

Bryndís telur niðurstöðurnar geta hjálpað þeim sem standi að meðferðinni í að þróa hana áfram og finna nýjar leiðir til að viðhalda bættum lífsgæðum of feitra barna.

■ solveig@365.is



**BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR** Varði nýverið meistaraverkefni sitt í lýðheilsuvísindum frá læknadeild. Verkefnið ber heitið „Árangur fjölskyldumiðaðrar atferlismeðferðar fyrir börn með offitu á líðan, lífsgæði og líkamsþyngdarstuðul“. MYND/GVA

# VERSLUNARREKSTUR

ÞRIÐJUDAGUR **24. FEBRÚAR 2015**

**Kynningarblað** Kaup, sala, þjónustulund, námskeið og fyrirlestrar.





Verslunin Brynja árið 1949. Við hlið hennar var vefnaðarvöruverslunin Marteinn Einarsson & co. MYND/ÚR EINKASAFNI



Margir kíktu inn til að spjalla og sambandið var persónulegt. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Þá var rólegra yfir hlutunum

Laugavegurinn hefur verið helsta verslunargata Reykjavíkur og landsins í langan tíma. Götumyndin og samsetning verslana hefur breyst með tímanum en verslunin Brynja heldur þó alltaf sínu striki en hún hefur verið starfrækt í næstum heila öld. Galdurinn á bak við langlífi verslunarinnar er mikil þjónustulund og að vera bara á staðnum enda gerist ekkert af sjálfu sér í þessum bransa.

Byggingavöruversluin Brynja hefur verið stór hluti af götumynd Laugavegar í nær heila öld. Verslunin var stofnuð árið 1919 af Guðmundi Jónssyni kaupmanni sem rak hana næstu tvo áratugina. Þrátt fyrir miklar breytingar á rekstrarumhverfi verslana hérlendis og við Laugaveginn undanfarna áratugi heldur Brynja sínu striki. Galdurinn á bak við velgengnina og langlífi verslunarinnar er einfaldur að sögn Brynjólfs H. Björnssonar framkvæmdastjóra. „Þetta er ekkert sérstaklega flókið. Ég mundi segja að þetta snúist helst um mikla þjónustulund og einfaldlega að vera bara á staðnum. Það þarf að passa upp á hlutina því það gerist ekkert af sjálfu sér í þessum bransa. Svo má ekki gleyma starfsmönnum okkar en við höfum alla tíð haft frábæra starfsmenn sem sumir störfuðu hér í 50-60 ár.“

Faðir Brynjólfs, Björn Guðmundsson, keypti verslunina árið 1953 og frá þeim tíma hefur hún verið í eigu fjölskyldunnar. „Faðir minn byrjaði hér sem sendill þegar hann var lítill strákur en Guðmundur var frændi hans. Um miðbik síðustu aldar tekur svo pabbi við rekstrinum og sjálfur hóf ég hér störf sem sendill árið 1955, þá þrettán ára gamall. Starf mitt fólst í því að fara með reikninga og ýmsa smámuni á reiðhjóli til viðskiptavina í nágrenninu.“



„Þetta var hverfið þar sem hlutirnir gerðust,“ segir Brynjólfur H. Björnsson hjá Brynju. MYND/STEFÁN

## Nóg að gera

Á þessum árum stóð innlendur húsgagnaiðnaður í blóma. „Hér í nágrenni voru mörg trésmíðaverkstæði og timburframleiðslan Völundur stóð á Skúlagötunni. Þetta var hverfið þar sem hlutirnir gerðust og því nóg að gera hjá okkur. Síðan breyttist þetta allt saman, verkstæðin lokuðu jafnt og þétt og samsetning verslana hér á Laugaveginum breyttist með tímanum. Áður fyrr var líka miklu rólegra yfir öllu, ólíkt hraðanum í dag. Hingað komu jafnvel menn til að spjalla og samband viðskiptavina og starfsmanna var persónulegra.“ Verslunin hefur alla tíð staðið við Laugaveg og í núverandi húsnæði síðan 1929. Fyrstu tíu árin var verslunin hinum megin við götuna.

Undanfarin ár er það helst fjölgun hótela og erlendra ferðamanna sem er stærsta breytingin er snýr að verslun á Laugaveginum. Ætla mætti að sú mikla fjölgun hafi skaðað verslun sem sérhæfir sig í byggingavörum og verkfærum en það er öðru nær. „Erlendir ferðamenn líta mikið inn til okkar og versla allt milli himins og jarðar. Þeim finnst mjög gaman að koma í svona litla sérverslun sem hefur jafn mikið vöruúrval og við.“

Að öðru leyti hefur Brynjólfur litlar áhyggjur af þróun Laugavegarins heldur segir verslun sína bara þróast með henni. „Það er alltaf góð traffík hér þótt samsetning viðskiptavina breytist með árunum. Nú er til dæmis mikið um byggingaframkvæmdir hér við götuna og í nágrenninu og við njótum góðs af þeim. Tryggir viðskiptavinir okkar koma líka aftur og aftur þótt þeir séu löngu fluttur úr hverfinu enda finnst þeim alltaf gott að heimsækja okkur.“






**GALDURINN VIÐ GÓÐA ÞJÓNUSTU**

**Faghópur um þjónustu** og markaðsstjórnun hjá Stjórnvísi stendur fyrir fyrirlestri um „galdurinn við að skapa ánægjulega upplifun viðskiptavina“ þriðjudaginn 3. mars á Reykjavík City Hostel að Sundlaugavegi 34.

Þar mun Margrét Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Gerum betur ehf., meðal annars velta þeirri spurningu upp hvort fræðilegt samhengi sé á milli starfsgleði og ánægjulegrar upplifunar, en Margrét hefur bæði sent frá sér bækur og myndbönd um góða og slæma þjónustu.

Sirra Sigríður Ólafsdóttir, rekstrarstjóri Loft Hostels, fjallar um hvernig skapa eigi ánægjulega upplifun og Sigríður Snævarr sendiherra fjallar um ástríðuna fyrir vinnunni við upplifun viðskiptavina.

Nánar á www.stjornvisi.is.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is s. 512 5446
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson.

# Hér færðu allt fyrir verslunarrekstur

**Verslunartækni** er innflutnings- og söluaðili á vörum, svo sem hillum og innréttingum, fyrir verslanir og vöruhús, veitinga- og þjónustufyrirtæki. Verslunartækni fagnar 25 ára starfsafmæli á þessu ári.

Verslunartækni var kosið Framúrskarandi fyrirtæki árið 2014. Verslunartækni er til húsa að Draghálsi 4 þar sem nýlega var tekinn í notkun nýr og bjartur sýningasalur. Fyrirtækið býður heildarlausnir fyrir verslanir og vöruhús ásamt því að hafa gott úrval af öðrum vörum. „Við leggjum mikið upp úr því að eiga vissa vöruflokka alltaf til á lager,“ segir Sigurður Hinrik Teitsson, framkvæmdastjóri og eigandi Verslunartækni. „Hjá okkur er í rauninni hægt að fá allt fyrir verslunarrekstur,“ segir hann.

„Í boði eru kæli- og frystitæki en einnig hillukerfi, svo sem í kæla, brettahillur, innréttingar og vöruhúsalausnir. Einnig erum við með staflara, innkaupavagna, öryggislausnir og ýmsar vörur tengdar markaðslausnum ásamt úrvali af vörum fyrir mötuneyti, veitingastaði og hótel,“ bætir Sigurður við.



Sigurður H. Teitsson ásamt starfsfólki sínu fyrir utan Verslunartækni. MYND/GVA

### Flott umboð

Helstu umboð Verslunartækni eru Carrier, Caddie, Linde, ISA og ITAB, Pan Oston, Tensator, VKF, DSI, Mecalux, Beaverswood, Barton Storage og mörg fleiri. „Við sérhæfum okkur í ráðgjöf og hugmyndavinnu fyrir verslanir og fyrirtæki, ásamt því að gera teikningar og sjá um uppsetningu á þessum vörum.“

Sigurður segist vera mjög ánægður með stöðu fyrirtækisins. Það hafi vaxið og dafnað. „Við í Verslunartækni erum bjartsýn á framtíðina því við höfum mjög góða samstarfsaðila bæði hér heima og erlendis. Við erum líka svo heppin að hafa frábært starfsfólk sem hefur staðið sig ótrúlega vel öll þessi ár.“

### Verslunartækni í 25 ár

„Þótt Verslunartækni eigi 25 ára afmæli nær saga þess töluvert lengra aftur í tímann eða allt til ársins 1975 þegar fyrirtækið Matkaup byrjaði með deild sem annaðist ráðgjöf og sölu á innréttingum,“ útskýrir Sigurður. „Eigendur Matkaupa voru á þessum tíma 40 kaupmenn héðan og þaðan af landinu. Á vormánuðum 1990 var Matkaup hf. selt til Danól. Í kjölfarið seldi Danól Jóni Ísakssyni innréttingadeildina og stofnaði hann Verslunartækni í byrjun júní 1990. Jón Ísaksson hafði starfað og stýrt þessari deild frá upphafi. Árið 2005 seldi Jón mér fyrirtækið en ég hafði áður starfað í verslun lengi og hafði átt mikil viðskipti við Verslunartækni og þekkti vel til þeirra vörumerkja sem þar voru seld,“ segir Sigurður. „Síðan þá erum við búin að bæta stöðugt við nýjum og góðum birgjum og höfum breikkað vöruúrvalið mikið. Mörg okkar vörumerkja hafa verið leiðandi á markaðnum til fjölda ára. Við erum einnig í samstarfi við íslenska framleiðendur um sölu á þeirra vörum.“

***Verslunartækni er að Draghálsi 4, sími 535 1300. Fyrirtækið er með öfluga og notendavæna vefsíðu, verslun.is.***





## HAGNÝT NÁMSKEIÐ FYRIR FÓLK Í VERSLUNARREKSTRI

**Þeir sem** hyggja á verslunarrekstur eða reka nú þegar verslun hafa gott af því að afla sér þekkingar á sviðinu. Opni háskólinn í HR og Endurmenntun Háskóla Íslands bjóða upp á ýmis námskeið sem nýtast vel.

Í opna háskólanum er til dæmis boðið upp á námskeiðið „Gerð viðskiptaáætlana fyrir frumkvöðla og lítil/meðalstór fyrirtæki“.

Viðskiptaáætlanir eru mikilvægur þáttur í rekstri fyrirtækja þar sem þær eru eru nokkurs konar handbók þar sem fram kemur stefna fyrirtækisins, markmið og fjárhagsáætlanir. Á námskeiðinu er farið ítarlega yfir hvað einkennir góðar viðskiptaáætlanir og hvernig sé best að haga uppbyggingu þeirra. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti unnið fullbúna viðskiptaáætlun og geti kynnt hana í stuttu máli. Þannig ættu þátttakendur að geta náð betri yfirsýn yfir sitt fyrirtæki eða viðskiptahugmynd.

Kennsla fer fram þrjá þriðjudaga í mars en skráningarfrestur er til 10. mars.




## SAGA VERSLUNAR

**Lýður Björnsson** sagnfræðingur tók saman ritið Saga verslunar á Íslandi fyrir Samtök verslunar og þjónustu þegar þau áttu fimm ára afmæli. Ritið veitir fróðlegt yfirlit um sögu og þróun verslunar hér á landi og spannar tímabilið frá upphafi verslunar til dagsins í dag.

Ritið skiptist í nokkra hluta. Farið er til dæmis yfir norsku öldina en Noregur var aðalviðskiptaland okkar frá þjóðveldisöld og fram til ársins 1400. Í kjölfar þess að Noregskonungar veitti Hansakaupmönnum ýmis fríðindi á 13. og 14. öld náðu þeir utanríkisverslun Noregs í sínar hendur. Englendingar hófu siglingar hingað á fimmtándu öld og Hansakaupmenn styrktu stöðu sína enn frekar á sextándu öld. Árið 1620 tóku Danir Íslandsverslunina að fullu í sínar hendur og þá hófst einokunartímabilið í íslenskri verslunarsögu sem lauk 1787. Verslunarfrelsið var þó ekki algjört því Íslendingar máttu einungis versla við þegna Danakonungs. Stór hluti kaupmanna um miðja nítjándu öld var erlendur og það er ekki fyrr en hálfri öld síðar sem heildsalan fluttist til Íslands. Í fyrri og seinni heimsstyrjöld breytist margt í verslun okkar og enn frekar með haftaárunum sem lauk um 1960.

Ritið má nálgast ókeypis á vef Samtaka verslunar og þjónustu, www.svth.is.

## VELGENGNI Í VIÐSKIPTUM

**Ein áhrifamesta** kona heims í viðskiptum er Indra Nooyi, stjórnarformaður og forstjóri Pepsi. Indra var númer 13 á lista Forbes í fyrra yfir áhrifamiklar konur. Hún á að baki stjörnuferil og mikla velgengni. Það þykir undrum sæta að á meðan fólki er stöðugt ráðið frá að drekka sykraða gosdrykki þá vex fyrirtækið ár frá ári í höndum Indru. Hún er fædd árið 1955 og verður sextug á árinu. Hún er gift og tveggja barna móðir.

**Indra hefur** oft verið spurð hvernig móðir geti verið svona atkvæðamikil og farsæl í viðskiptum. Hún viðurkennir að það taki á að vinna mikið og sinna fjölskyldu samhliða. Hún segist þó viss um að hún hafi verið góð móðir. Vissulega hafi samviskubitið stundum verið mikið þegar viðskiptin og fjölskyldulífið tókust á. Ekki bara börnin þurfi athygli heldur sé ekki síður mikilvægt að eiga þolinmóðan eiginmann.

**Starfinu fylgja** mikil ferðalög og þess vegna þarf hún oft að vera að heiman. Indra segist þó alltaf hafa haft puttana í uppeldinu, hvort sem hún var heima eða á ferðalögum.

**Indra er** af indverskum ættum, fædd í Madras á Indlandi. Starfsferill hennar hófst þar í landi eftir háskólanám. Hún hélt til Bandaríkjanna í framhaldsnám og útskrifaðist árið 1980 frá Yale. Hún hóf störf hjá Pepsi árið 1994 og var gerð að forstjóra árið 2001. Fyrirtækið hefur vaxið hratt undir hennar stjórn. Indra hefur á undanförnum árum setið í efstu sætum lista yfir áhrifamestu konur í heimi hjá öllum helstu viðskiptatímaritum.



Indra Nooyi, forstjóri Pepsi.





HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 14-2113

# Febrúarsprengja

## 20-40% afsláttur

## af öllum vörum*











COSMO

**Kringlunni**

*nema af fermingarkjólum



## BÍLL DAGSINS

**Toyota Rav4**
Nýskráður 6/2001, ekinn 180 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.150.000**

**Tilboð kr. 790.000**



FORD
**Escape XLS 4WD**
Nýskráður 9/2007, ekinn 133 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.790.000**



PEUGEOT
**207 XR Plus 1.4**
Nýskráður 10/2007, ekinn 132 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 990.000**



VOLVO
**XC90 2.5Turbo**
Nýskráður 12/2006, ekinn 130 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.990.000**



PEUGEOT
**208 Active dísil**
Nýskráður 9/2014, ekinn 1 þús.km., dísel, 5 gírar.
**Verð kr. 2.850.000**



HYUNDAI
**I30 Classic dísil**
Nýskráður 9/2012, ekinn 41 þús.km., dísel, 6 gírar.
**Verð kr. 2.650.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 6/2012, ekinn 55 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.490.000**



HONDA
**CR-V ES**
Nýskráður 8/2006, ekinn 115 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.690.000**



HONDA
**Civic**
Nýskráður 3/2002, ekinn 141 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 690.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli
kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is


## Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bátar



**HVALASKOÐUN / FERÐAÞJÓNUSTA**

**TIL SÖLU**
Hvala-sjóstangarveiðiskip er nú til sölu, skipið er með öll leyfi fyrir 75 farþegum hægt að fjölga í allt að 200 farþega, bar og veitingaleyfi, leyfi í Reykjavíkurhöfn ef vill. Verð 109 milljónir, auðveld kaup.
**Allar nánari uppl. í s. 820-5181**

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
**Uppl. í s. 663 5315.**

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Bókhald

**BÓKHALD, UPPGJÖR, RÁÐGJÖF.**
Tek að mér bókhald og uppgjör fyrir fyrirtæki , einstaklinga og húsfélög. Heildarlausnir, Theódór S. Halldórsson, Sími 896 2818

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MWWWWINGI**
Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Rafvirkjun

Rafinn ehf. Löggiltur rafverktaki, tek að mér töfluskipti og almenn rafvirkjastörf. Uppl. í s. 557 4020/892 3429

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

## Gefins

**VÖRUBRETTI GEFINS**
80-100 vörubretti gefins Ef sótt eru. Upplýsingar í síma 6607878

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348


Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi


## atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**





Vinir Vatnajökuls
Styrkt af Vinum Vatnajökuls

Sjálfstæðu leikhúsin

Tjarnarbíó

Reykjavíkurborg

Möguleikhúsið



2 | 19:20

**UM LAND ALLT**

Kristján Már Unnarsson heimsækir Hvammstanga og kynnist þróttmiklu mannlífi í Húnaþingi vestra. Þar er bjartsýnt ungt fólk, vaxandi ferðaþjónusta, nýbreytni í skólastarfi og nýsköpun í landbúnaði.

SKEMMTILEGT
ÞRIÐJUDAGSKVÖLD!
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

2 | 20:20

**MODERN FAMILY**

Við skyggnumst inn í líf þriggja ólíkra fjölskyldna sem eiga það sameiginlegt að lenda í hinum fyndnustu aðstæðum.



2 | 21:50

**STALKER**

Magnaðir spennuþættir um sérstaka deild innan lögreglunnar sem rannsakar mál tengd eltihrellum.




3 | 20:15

**ONE BORN EVERY MINUTE US**

Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem við fylgjumst með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



| 22:00

**FOR COLORED GIRLS**

Dramatísk mynd frá 2010 með Janet Jackson, Thandie Newton, Kerry Washington og Whoopi Goldberg.



G | 22:00

**GAME OF THRONES**

Einn þáttur sýndur hvern virkan dag fram yfir páska þar til ný sería birtist á Stöð 2.



Krakkastöðin | 19:00

**OPEN SEASON**

Skemmtileg og vel gerð teiknimynd um grábjörninn Boog.



365.is

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | | | 8 | |
| 1 | | 8 | 2 | 3 | | | | 7 |
| | | 9 | 8 | 5 | | | 3 | 4 |
| 9 | | | | 1 | | 5 | 7 | |
| | 6 | | | 2 | | | 9 | |
| 4 | | | 3 | | | | | 8 |
| 7 | | 5 | | | 3 | | | |
| | | | 4 | | 2 | | | |
| | 1 | | 7 | 8 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 2 | | | 4 | | | 5 |
| | | 5 | 8 | | | | | 1 |
| | | | | 6 | 7 | | 4 | |
| | 7 | | | 3 | | | | 9 |
| 3 | | | 1 | | | | | |
| | | | 2 | 8 | 6 | | | |
| | 2 | 6 | | 5 | 1 | | | |
| 5 | 3 | | 7 | | | | 1 | |
| | 9 | | | | | 3 | 5 | 2 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | 2 | 7 | | | |
| | 2 | | | | | | 7 | |
| 5 | | 9 | 6 | | | 1 | 2 | |
| | 6 | | | | 4 | | | |
| | 8 | | 1 | 6 | | | | 7 |
| | | 2 | | | | 9 | | 3 |
| 6 | | | | 5 | | | | 2 |
| | 9 | 7 | | 4 | | | | 1 |
| 4 | | | | | | 7 | | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 9 | 4 | 7 | 3 | 8 | 2 | 6 |
| 2 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 3 | 5 | 2 | 6 | 7 | 9 | 1 |
| 6 | 7 | 2 | 9 | 1 | 5 | 3 | 4 | 8 |
| 3 | 9 | 1 | 7 | 4 | 8 | 2 | 6 | 5 |
| 8 | 4 | 5 | 3 | 6 | 2 | 9 | 1 | 7 |
| 5 | 2 | 6 | 1 | 8 | 9 | 4 | 7 | 3 |
| 7 | 1 | 8 | 2 | 3 | 4 | 6 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 4 | 6 | 5 | 7 | 1 | 8 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 5 | 9 |
| 2 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 9 | 7 | 1 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 7 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 | 1 | 9 | 8 |
| 6 | 5 | 1 | 8 | 9 | 7 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 8 | 3 | 1 | 2 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 8 | 1 | 6 | 9 | 7 | 5 | 3 | 2 | 4 |
| 3 | 7 | 5 | 4 | 8 | 2 | 9 | 1 | 6 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 5 | 3 | 7 | 9 | 8 | 4 | 1 |
| 9 | 4 | 8 | 2 | 5 | 1 | 3 | 6 | 7 |
| 7 | 1 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 7 | 4 | 1 | 3 | 6 | 2 | 5 | 9 |
| 1 | 9 | 2 | 5 | 4 | 7 | 6 | 3 | 8 |
| 3 | 5 | 6 | 8 | 9 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 6 | 8 | 9 | 7 | 2 | 5 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 1 | 3 | 5 | 8 | 6 |
| 5 | 3 | 1 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 2 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Þú gerir ekki kjúklingasalat úr kjúklingaskít.**

*Guðjón Þórðarson*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** bættu við, **6.** eftir hádegi, **8.** sægur, **9.** dá, **11.** frú, **12.** langt op, **14.** fótmál, **16.** drykkur, **17.** fjallaskarð, **18.** kjáni, **20.** núna, **21.** kvenflík.

**LÓÐRÉTT**
**1.** starf, **3.** umhverfis, **4.** örvandi efni, **5.** dýrahljóð, **7.** holdýr, **10.** verkur, **13.** ískur, **15.** skraut, **16.** skaði, **19.** á fæti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** júku, **6.** eh, **8.** mor, **9.** rot, **11.** fr, **12.** klauf, **14.** skref, **16.** te, **17.** gil, **18.** api, **20.** nú, **21.** pils.
**LÓÐRÉTT: 1.** verk, **3.** um, **4.** koffein, **5.** urr, **7.** holsepi, **10.** tak, **13.** urg, **15.** flúr, **16.** tap, **19.** il.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Björn Þorfinnsson (2.373) lagði lævíslega gildru fyrir andstæðing sinn Lorin D'Costa (2.430) í Bunratty-mótinu sem hann féll í þegar hann lék 31...He8-e7??**

**Hvítur á leik**



**32. Hc8+!** og svartur gafst upp. Björn sigraði á mótinu en hann hlaut 7 vinninga í 9 skákum. Björn náði jafnframt sínum öðrum stórmeistaraáfanga og tryggði sér keppnisrétt á EM einstaklinga að ári.
**www.skak.is** Nýtt fréttabréf SÍ.

# POTTA
## OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN





YFIR **100** TEGUNDIR

# 20-50% afsláttur
## af ÖLLUM pottum og pönnum

## NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
### Tilboðin gilda í takmarkaðan tíma!

POTTASETT
GRILLPÖNNUR
GUFUSUÐUPOTTAR
DJÚPAR PÖNNUR
HRAÐSUÐUPOTTAR
WOK-PÖNNUR
POTTJÁRN
LEIRPOTTAR
KOPARPOTTAR-
OG PÖNNUR

Eitt mesta úrval landsins af hágæða pottum og pönnum frá:

KitchenAid
ibili
LE CREUSET
Fissler — Fissler. Perfect every time.
GRUNWERG SHEFFIELD-ENGLAND
Jamie Oliver
evatrio
Tefal

ÓTRÚLEGT ÚRVAL!

**Nýtt kortatímabil!**

**Sjáðu allt úrvalið á byggtogbuid.is**

# byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

**Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid**



**JAMIE DORNAN OG DAKOTA JONES** Þessi tvö hafa hrist upp í heimsbyggðinni sem Gray og Ana.

# Fifty Shades of Gray snarfellur í vinsældum

Aðsóknartölur hrundu niður um sextíu og sex prósent milli vikna á Fifty Shades of Gray í kvikmyndahúsum landsins.

„Tölurnar eru vissulega í hærra lagi,“ segir Geir Gunnarsson, markaðsstjóri Myndforms dreifingaraðila myndarinnar hér á landi. „Umtalið og slakir dómar hjálpuðu heldur ekki til.“ Þá má einnig útskýra þetta mikla fall milli vikna með gríðarlegri aðsókn á Valentínusardaginn sem skekkir í framhaldinu tölur næstu helgar.

# Subway-bræði(ngur)

**BAKÞANKAR**
Erlu Bjargar Gunnarsdóttur



Þegar ég fer út að borða þá gæti ég þess að þjónninn endi á að taka niður mína pöntun. Af því að ég á svo ógurlega erfitt með að ákveða mig. Á meðan hann tekur niður pantanir hinna finn ég kvíðann byggjast upp og andartakið þegar hann lítur í áttina til mín með spyrjandi augum hættir hjartað að slá í eitt augnablik. Ég horfi með klikkuðu augnaráði á hann og segi bara eitthvað. Bara eitthvað!

**FYRIR** svo valkvíðna konu er það ákveðin áskorun að panta subway. En ég fann mína leið til að lifa með því. Ég hef sem sagt fengið mér nákvæmlega eins subway í fimmtán ár. Ég var bara orðin nokkuð roggin með mig þar sem ég stóð við búðarborðið eins og menntskælingur að rúlla upp hraðaspurningum í Gettu betur. Slagkraftur í taktinum. Hrynjandin fögur. Svörin botnuðu spurningarnar fullkomlega.

**ÞAÐ** var mér því ákveðið áfall að panta fjóra báta fyrir alla fjölskylduna um daginn. Tvær stúlkur afgreiddu mig í einu, hvor með tvo báta. Þær voru þrautþjálfaðar, ekki minnsta hik og hver einasta hreyfing fullkomin. Tímasetningarnar óaðfinnanlegar.

**ÉG** hélt takti í brauðinu en strax í hita eða rista kom ótti í augun og hjartað fór að slá hraðar. Þær náðu forskoti – voru bæði hraðari og með betri yfirsýn. Yfirvegaðar maskínur. Þegar kom að grænmetinu fann ég magann herpast og hver spurning var eins og skothríð. Sjálfstraustið var farið. Ég horfði tómum augum á þær og sá aðeins varirnar hreyfast. „Allt ferskt,“ gargaði ég á línuna þótt börnin borði eingöngu gúrku. Í sósunum var ég komin í vörn. Mér fannst ráðist að mér. Ég varð reið, taugarnar krulluðust og ég var vandræðalega dónaleg. Í salti og pipar baðst ég vægðar og veifaði kreditkortinu eins og friðarfána. Ég gefst upp. Ég gefst upp!



**BEÐIÐ VIÐ ÞYRLUNA** Borið hefur á auknum áhuga Íslendinga á lúxusferðum þar sem þyrlur eru leigðar og kampavínið flæðir.

# Þyrla flytur kampavínsþjón

„Íslendingar eru ekki smærri í sniðum en útlendingarnir,“ segir Gunnar Traustason hjá G-Events um lúxusferðir. Talsmenn fyrirtækja í sama geira segjast finna fyrir auknum áhuga Íslendinga á dýrum viðburðum.

„Við höfum boðið upp á þyrluþjónustuna í tvö ár, en höfum farið heldur lágt með þetta þar til nú,“ segir Gunnar Traustason, framkvæmdastjóri viðburðafyrirtækisins G-events. Hann segist finna fyrir mjög auknum áhuga Íslendinga á lúxusferðum, þar sem þyrlur eru leigðar og kampavín drukkið. „Manni finnst mikilvægt að lesa alltaf í stemninguna í þjóðfélaginu varðandi hvað við bjóðum upp á hverju sinni,“ útskýrir Gunnar og bætir við: „Nú virðist einfaldlega komin upp sú staða að svona ferðir eiga upp á pallborðið á Íslandi.“

## Aðrir segja sömu sögu

Talsmenn fyrirtækja í sama geira finna einnig fyrir auknum áhuga á lúxusferðum. „Viðskiptavinir okkar vilja eyða meiru í viðburði og upplifun heldur en fyrir ári,“ segir Davíð Lúther Sigurðarson, framkvæmdastjóri Silent, sem sérhæfir sig meðal annars í viðburðaráðgjöf og tekur undir með Gunnari. „Við finnum fyrir auknu fjármagni veitt í viðburði þar sem kallað er eftir meiri íburði. Þótt fyrirtæki hafi vissulega getað leyft sér meiri lúxus fyrir nokkrum árum var það ekki gert. Nú finnum við hins vegar fyrir því hvernig er að liðkast um í þessum efnum.“ Sigrún Nikulásdóttir hjá Now Moments segir sömu söguna. „Ég segi kannski ekki að 2007 sé komið aftur en það nálgast óðfluga.“

## Siglingapartí vinsæl

„Í kjölfar hrunsins þótti ekki í tísku að láta berast mikið á, þvert á móti. Nú eru menn farnir að gera vel við sig. Þjóðfélagið er að lifna aftur við,“ segir Gunnar.

Eftirspurnin hefur aukist mest í bátsferðum og siglingum, sem jafnframt er dýrasta þjónusta sem fyrirtæki Gunnars býður. „Fólk er orðið miklu tilbúnara að panta dýrari útgáfur, svo sem flottari mat, þekktari skemmtikrafta og meira er veitt í veislunum,“ segir Gunnar.

## Ekki einskorðað við ríka útlendinga

Kúnnahópur Gunnars er fjölbreyttur og þvertekur hann fyrir að útlendingar séu í meirihluta. „Við erum að sjá mjög jafna skiptingu. Við fáumst aðallega við stóra hópa en reglulega koma fyrirspurnir frá þekktum erlendum einstaklingum sem vilja skoða hvað við höfum upp á að bjóða,“ segir Gunnar og bætir við að fyrirtækið leggi sig fram við að mæta öllum óskum viðskiptavina sinna. „Þó við sérhæfum okkur í stórum hópum, innlendum jafnt sem erlendum, myndum við ekkert segja nei við fólk eins og Jay-Z og Beyoncé,“ segir Gunnar bjartsýnn á framtíðina.




**MÆTIR ÓSKUM VIÐSKIPTAVINA** Gunnar Traustason, framkvæmdastjóri G-Events, segir fyrirtækið sérhæfa sig í stórum hópum.


LAUGARÁS BÍÓ – Coca-Cola í Laugarásbíói



ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| VEIÐIMENNIRNIR | 8, 10:30 | 16 |
| HRÚTURINN HREINN | 6 | L |
| FIFTY SHADES OF GREY | 8, 10:35 | 16 |
| KINGSMAN | 8, 10:40 | 16 |
| SVAMPUR SVEINSSON 2D | 6 - ÍSL TAL | L |
| PADDINGTON | 6 - ÍSL TAL | L |

SAMBÍÓIN



HOT TUB TIME MACHINE 2 – SNILLDAR GRÍNMYND – ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
1 ÓSKARSVERÐLAUN – Besti leikari í aðalhlutverki - Eddie Redmayne
THE THEORY OF EVERYTHING – ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
Óskarsverðlaunamyndin THE IMITATION GAME

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 6 - 9 |
| THE THEORY OF EVERYTHING VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 10:40 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 - 8 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 8 - 10:45 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| KINGSMAN: THE SECRET SERVICE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| THE IMITATION GAME | KL. 8 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 10:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI – NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| KINGSMAN: THE SECRET SERVICE | KL. 10:30 |
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 - 8 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 8 |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 10:10 |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 8 |
| KINGSMAN: THE SECRET SERVICE | KL. 10:40 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 |
| PADDINGTON ÍSL TAL | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 8 - 10:10 |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 8 |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 10:40 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 |
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ – HÁSKÓLABÍÓ



ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ – VEIÐIMENNIRNIR
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ – BIRDMAN
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ – Kingsman
HOLLENDINGURINN FLJÚGANDI

| SMÁRABÍÓ – AUKAKRÓNUR 5% | | |
|---|---|---|
| HOT TUB TIME MACHINE | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HRÚTURINN HREINN | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 8 - 10.45 | 16 |
| KINGSMAN | KL. 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| SEVENTH SON | KL. 8 | 12 |
| THE WEDDING RINGER | KL. 10.20 | 12 |
| PADDINGTON 2D | KL. 3.30 - 5.45 - ÍSL TAL | L |
| HOBBIT 3 3D | KL. 5 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ – AUKAKRÓNUR 5% | | |
|---|---|---|
| HOLLENDINGURINN FLJÚGANDI | KL. 7.15 | L |
| VEIÐIMENNIRNIR | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| HRÚTURINN HREINN | KL. 5.30 | L |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 8 - 10.35 | 16 |
| BIRDMAN | KL. 10.40 | 12 |
| ÓLI PRIK | KL. 5.30 | L |
| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL. 5.30 - 8 - 10 - ÍSL TEXTI | L |





BÍÓ ★ PARADÍS
WWW.STOCKFISHFESTIVAL.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tangerines | 18.00 | Eyes of a thief | 20.00 |
| Tár úr steini | 18.00 | Goodbye to language 3D | 22.15 |
| Blind | 18.00 | Trip to Italy | 22.45 |
| Sprettfiskur | 20.00 | 1001 gram | 22.00 |
| Field of dogs Q&A | 20.30 | | |





Barnaheill – Save the Children á Íslandi




# LG SJÓNVÖRP

## FÁST Í SJÓNVARPSMIÐSTÖÐINNI!




**Flott 50" plasma háskerpusjónvarp frá LG – Fyrir þá sem vilja einfalt snjallsjónvarp með stórum skjá og frábærum myndgæðum.**

**Alvöru myndgæði**
Tækið er með 1920x1080 punkta háskerpu upplausn, 600Hz sub field driving, skerpu 3.000.000:1 og Triple XD Engine örgjörva. Tækið ræður því vel við hraðar myndir eins og fótbolta og hasarmyndir ásamt því að mikil skerpa og há upplausn gera öll almenn myndgæði mjög góð.

**Snjallsjónvarp**
Tækið er með opnum netvafra, Miracast til að senda efni frá spjaldtölvum og snjallsímum yfir á tækið og LG Cloud. Fjöldi annarra möguleika eins og tenging við Spotify, Youtube, Facebook og Twitter.

**Hljóðkerfi**
Tækið er með V-Audio Surround Plus hljóðkerfi sem gerir hljómburð eins og best verður á kosið í flatskjá, en einnig má fá við tækið soundbar heimabíókerfi til að auka hljómburð enn frekar.

**Tengimöguleikar**
Tækið er búið stafrænum móttakara og gerfihnatta-móttakara, og er með öllum þeim tengjum sem þarf að vera í góðu tæki í dag, þar á meðal þremur USB tengjum og þremur HDMI tengjum auk Scart tengis ef einhver vill tengja eldri DVD spilara eða afruglara við tækið.

**TILBOÐ**

**99.990**

VERÐ **119.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

LG

# Óskarsverðlaunin 2015

Óskarsverðlaunahátíðin fór fram í áttugasta og sjöunda skipti í Los Angeles aðfaranótt mánudags. Líkt og venjulega var mikið um dýrðir og allir í sínu fínasta pússi.



**ALSÆL** Julianne Moore hlaut Óskarinn sem besta leikkona í aðalhlutverki fyrir hlutverk sitt í Still Alice. Hún hefur verið tilnefnd fimm sinnum en þetta er í fyrsta skiptið sem hún hreppir hnossið og var Moore að vonum alsæl.



**TVÆR STJÖRNUR** Lady Gaga söng nokkur lög úr myndinni Sound of Music og sjálf Julie Andrews þakkaði henni fyrir fallegan virðingarvott. NORDICPHOTOS/GETTY



**STJARNA** Lupita Nyong'o var stórglæsileg í sérsaumuðum kjól frá Calvin Klein. Perlurnar, um 6.000 talsins, voru handsaumaðar í kjólinn eftir kúnstarinnar reglum og útkoman var stórkostleg.

## Óskarsverðlaunahafar 2015



Kvikmynd: **BIRDMAN** ● Leikkona í aðalhlutverki: **Julianne Moore** *Still Alice* ● Leikari í aðalhlutverki: **Eddie Redmayne** *The Theory of Everything* ● Leikstjóri: **Alejandro González Iñárittu** *Birdman* ● Leikari í aukahlutverki: **J.K. Simmons** *Whiplash* ● Leikkona í aukahlutverki: **Patricia Arquette** *Boyhood* ● Búningahönnun: **Milena Canonero** *The Grand Budapest Hotel* ● Hár og förðun: **Frances Hannon** *og* **Mark Coulier** *The Grand Budapest Hotel* ● Teiknimynd: **Big Hero 6** ● Klipping: **Tom Cross** *Whiplash* ● Tónlist: **Alexandre Desplat** *The Grand Budapest Hotel* ● Kvikmyndataka: **Emmanuel Lubezki** *Whiplash* ● Heimildarmynd: **Citizen Four** ● Lag: **Glory** *úr kvikmyndinni Selma* ● Erlend mynd: **Ida** *Pólland* ● Besta leikna stuttmynd: **The Phone Call** ● Stuttmynd, heimildarmynd: **Crisis Hotline** ● Stuttmynd, teiknimynd: **Feast** ● Tæknibrellur: **Interstellar** ● Hljóðblöndun: **Craig Mann, Ben Wilkins** *og* **Thomas Curley** *Whiplash* ● Hljóðvinnsla: **Alan Robert Murray** *og* **Bub Ashman** *American Sniper* ● Framleiðsla: **Grand Budapest Hotel** ● Frumsamið handrit: **Birdman** ● Handrit byggt á áður útgefnu efni: **The Imitation Game**



**ÞVINGAÐ** John Travolta og Scarlett Johansson áttu örlítið vandræðalegt faðmlag á rauða dreglinum fyrir Óskarsverðlaunahátíðina.



**MÆÐGUR** Melanie Griffith og dóttir hennar Dakota Johnson áttu stórkostlega stund saman í viðtali á rauða dreglinum þar sem þær kýttu ögn um hvort Griffith ætlaði að sjá Fifty Shades of Gray sem Johnson fer með aðalhlutverk í.



**SÁTTUR** J.K. Simmons hlaut sinn fyrsta Óskar sem besti leikari í aukahlutverki fyrir Whiplash og var að vonum þrælsáttur með það.




Frestur til að senda tilnefningar er til miðnættis 26. febrúar

**HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?**

**ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2015**

**Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.**

**Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.**

**SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.**

1. **Hvunndagshetjan**
   Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.
2. **Frá kynslóð til kynslóðar**
   Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.
3. **Til atlögu gegn fordómum**
   Eintaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.
4. **Heiðursverðlaun**
   Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.
5. **Samfélagsverðlaunin**
   Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:
**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.

Heimilistæki ht.is
365
SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ

# BRUNA LIÐIÐ

## Á LEIÐINNI Í ELDBORG

**OFURGRÚPPA ÍSLANDS SNÝR AFTUR 18. APRÍL**

**19:30 – UPPSELT**
**22:30 – AUKATÓNLEIKAR KOMNIR Í SÖLU**

**MIÐASALA Á HARPA.IS OG MIDI.IS**

Það er sannarlega stórviðburður þegar sjálft Brunaliðið kemur saman aftur eftir 35 ára hlé. Það er við hæfi að Maggi Kjartans, Diddú, Pálmi, Maggi Eiríks, Laddi og öll hin rísi úr öskunni í Eldborg og kveiki ærlega í mannskapnum. Ég er á leiðinni, Einskonar ást, Sandalar og allir hinir smellirnir fá að óma. Tryggðu þér miða strax. Það er ÚTKALL!

HARPA DÆGURFLUGAN

Brandenburg

## Alexander og Guðjón skoruðu mest




**HANDBOLTI** Í dag verður dregið í 16-liða úrslitin í Meistaradeildinni í handbolta. Mörg Íslendingalið verða í pottinum.

Alexander Petersson og Guðjón Valur Sigurðsson voru markahæstir Íslendinganna í riðlakeppninni. Þeir skoruðu báðir 43 mörk og voru í 32.-37. sæti yfir markahæstu menn.

Makedóninn Kiril Lazarov, leikmaður Barcelona, var markahæstur með 76 mörk og Rússinn Timur Dibirov, leikmaður Vardar, var næstmarkahæstur með 69 mörk.

Barcelona skoraði mest allra liða í riðlakeppninni en liðið skoraði 338 mörk. Kiel kom næst með 322 skoruð mörk. Kiel var þó með besta markamuninn eða 63 mörk. - hbg

## KR stöðvaði 30 leikja sigurgöngu Vals í Reykjavíkurmótinu

**FÓTBOLTI** KR varð í gær Reykjavíkurmeistari kvenna er liðið batt enda á langa sigurgöngu Vals í mótinu með 2-1 sigri í Egilshöll. Valur var búinn að vinna 30 leiki í röð í mótinu þar til kom að leiknum í gær.

Valur komst yfir í leiknum með sjálfsmarki hjá KR rétt fyrir lok fyrri hálfleiks og þannig stóðu leikar í hálfleik. KR náði að jafna snemma í síðari hálfleik þegar Margrét María Hólmarsdóttir skoraði laglegt mark beint úr aukaspyrnu. Það var svo Ásdís Karen Halldórsdóttir sem tryggði KR titilinn með glæsilegu langskoti sem söng í netinu tíu mínútum fyrir leikslok.

Valur sótti hart að marki KR á lokamínútunum en náði ekki að koma boltanum í netið þrátt fyrir nokkrar ágætar tilraunir. KR fagnaði því sigrinum vel og innilega.

Valur lagði Þrótt í undanúrslitum keppninnar, 4-1, á meðan KR vann nauman 1-0 sigur á Fylki.

Liðin voru saman í riðlakeppni mótsins og þá hafði Valur 2-0 sigur. KR hefndi fyrir það tap í kvöld og lyfti bikarnum. - hbg



**MEISTARAR** Sonja Björk Jóhannsdóttir lyftir bikarnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BYLIK** Er spáð miklum frama. MYND/AFP

## Alfreð nældi í efnilega skyttu

**HANDBOLTI** Hinn átján ára Nikola Bilyk hefur samið við stórlið Kiel, sem Alfreð Gíslason þjálfar.

Bilyk er Austurríkismaður og spilar undir stjórn Patreks Jóhannessonar í austurríska landsliðinu. Hann er á mála hjá Fivers Margareten í heimalandinu.

Bilyk mun ganga til liðs við Kiel í síðasta lagi árið 2017, er samningur hans við Fivers rennur út. „Ég ætla fyrst að klára stúdentsprófið og ætla að gera allt sem ég get til að ná þeim markmiðum sem ég hef sett mér með Fivers," sagði hann við fjölmiðla ytra.

„Ég hlaut mitt uppeldi hjá Fivers og ég vil vinna nokkra titla í viðbót með félaginu."

Alfreð sagðist hæstánægður með fenginn og lýsir honum sem einni efnilegustu skyttu heimsins í dag. „Ég hef fylgst með honum í tvö ár og er ánægður með að hann valdi að taka næsta skref á sínum ferli hjá okkur," sagði Alfreð.

Bilyk er 1,98 m á hæð og spilar sem vinstri skytta. Hann spilaði sinn fyrsta A-landsleik í mars síðastliðnum. - esá

## Níu þjóðir vilja halda HM

**HANDBOLTI Alls hafa handknattleikssambönd níu landa lýst yfir áhuga á að halda ýmist HM 2021 og 2023 í handbolta.**

**Ákveðið verður á fundi IHF-ráðsins svokallaða hjá Alþjóðahandknattleikssambandinu í sumar hvar mótin verða haldin en því hafa nú borist níu umsóknir í mótin tvö.**

**Ungverjaland, Sviss, Slóvakía, Pólland, Svíþjóð og Frakkland ætla að sækja um bæði mótin en Egyptaland aðeins um HM 2021 og Noregur og Suður-Kórea aðeins um HM 2023.**

**Færri umsóknir hafa borist í HM kvenna þessi sömu ár. Frakkar eru þeir einu sem hyggjast bjóða í HM 2021 en Noregur, Suður-Kórea og Frakkland ætla að sækja um HM 2023.**

**Handknattleikssambönd viðkomandi landa þurfa að samþykkja alla skilmála IHF fyrir 13. mars næstkomandi og leggja fram formlegar umsóknir fyrir 1. maí.** - esá

# Mótun nýs landsliðskjarna

Freyr Alexandersson lítur á Algarve-mótið í Portúgal sem upphaf undirbúnings íslenska landsliðsins fyrir EM í knattspyrnu kvenna árið 2017. Margrét Lára Viðarsdóttir snýr aftur í landsliðið eftir rúmlega árs fjarveru.

**FÓTBOLTI** Freyr Alexandersson valdi í gær 23 manna leikmannahóp sem heldur til Portúgals um helgina til að taka þátt í hinu árlega Algarve-móti. Freyr sagði á blaðamannafundi í gær að mótið markaði tímamót hjá íslenska landsliðinu.

„Við lítum á mótið fyrst og fremst sem upphaf undirbúnings okkar fyrir undankeppni EM 2017," segir Freyr en úrslitakeppni EM fer fram í Hollandi. „Þangað ætlum við okkur að komast," bætti Freyr við en Ísland verður í efsta styrkleikaflokki í fyrsta sinn frá upphafi þegar dregið verður í riðla í undankeppninni þann 20. apríl. Undankeppnin sjálf hefst svo í september.

### Minni reynsla í liðinu

Eins og Freyr bendir á hafa margir af leikreyndustu leikmönnum Íslands kvatt íslenska landsliðið. „Allir leikmenn sem eiga meira en 100 landsleiki að baki eru hættir," segir hann en Freyr og Ásmundur Haraldsson aðstoðarþjálfari vörðu miklum tíma í síðustu undankeppni til að skoða leikmenn og þróa leikaðferðir.

„Við þurfum að koma nýliðum og leikmönnum sem hafa litla leikreynslu betur inn í okkar leikstíl. Við viljum gefa þeim meiri reynslu, stærra hlutverk og fleiri mínútur. Þá eru aðrir reyndir leikmenn, eins og Margrét Lára, Gunnhildur Yrsa og Hólmfríður, að koma til baka og við viljum koma þeim betur inn í málin."

Hann vonast til að sá leikmannahópur sem haldi nú til Algarve komi til með að mynda kjarna nýs landsliðs næstu árin.

„Leikmenn munu áfram þurfa að berjast fyrir sínu sæti og eins og alltaf munu leikmenn detta út og aðrir koma inn. Margir leikmenn fengu tækifæri í síðustu undankeppni og ég hef myndað mér skoðun á ákveðnum kjarna sem ég vona að muni halda sér næstu árin," segir Freyr.

### Hafa bæði vopn í búrinu

Freyr hefur lagt ríka áherslu á að liðið spili kröftugan varnarleik og beitt svokallaðri „hápressu" á andstæðinginn með því að verjast framarlega á vellinum.

„Okkur hefur gengið vel að koma okkar hugmyndum til skila. Það fór mikill tími í það og það tókst vel. En að sama skapi höfum við oft á tíðum verið í vandræðum með að verjast nær okkar eigin marki. Það helgast af því að við höfum ekki varið nægilega miklum tíma í að æfa það. Við munum gera það núna og undirba okkur þannig að við getum haft bæði vopn í okkar búri."

### Leikmenn í frábæru formi

Forveri Freys hjá landsliðinu, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, gagnrýndi slæmt leikform leikmanna á undirbúningstímabilinu síðustu ár sín með landsliðinu og lagði Freyr ríka áherslu á að huga vel að því.

„Ég fylgdist vel með þessari umræðu á sínum tíma og hann lét mig fá allar þær upplýsingar sem ég bað um. Ég var sammála honum að flestu leyti og því ákváðum við nú að veita leikmönnum mikið aðhald og fengum stuðning KSÍ til þess," segir Freyr en hann sagði á fundinum í gær að fyrstu tölur hefðu bent til þess að form leikmanna væri ekki nógu gott.

„En leikmenn brugðust vel við því og við fengum síðustu niðurstöður úr mælingum í gær [sunnudag]. Niðurstaðan var frábær. Það sýnir hversu gott hugarfar leikmanna er og það er mikilvægt fyrir landsliðið. Við erum ekki með eins mikla breidd og í öðrum löndum og því þurfum við að vera með leikmenn sem vilja æfa vel og vera í toppstandi."

### Verður erfitt á Algarve

Ísland verður í sterkum riðli á Algarve, með Bandaríkjunum, Noregi og Sviss. Öll þau lið eru í miðju kafi að búa sig undir úrslitakeppni HM í sumar á meðan Freyr er að stíga fyrstu skrefin í nýju verkefni með sitt lið.

„Þetta verður án nokkurs vafa mjög erfitt. Það gæti samt verið gott fyrir okkur því allir okkar vankantar og veikleikar verða berskjaldaðir. Að því leyti getur þetta verið hættulegt en það er frábært tækifæri að fá að vera með liðinu í tíu daga samfleytt og ég vildi ekki skipta þessu móti út fyrir neitt annað." eirikur@frettabladid.is



**NÝTT UPPHAF** Freyr Alexandersson ætlar að byrja að móta framtíð íslenska landsliðsins á Algarve. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Ómetanlegur styrkur í Margréti Láru



Margrét Lára Viðarsdóttir snýr nú aftur í íslenska landsliðið eftir rúmlega eins árs fjarveru frá knattspyrnu. „Það vita allir hvað hún getur í fótbolta. Við munum reyna að nýta okkur hennar styrkleika inn í það sem við höfum verið að gera," segir Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari um endurkomu framherjans.

Margrét Lára er markahæsti leikmaðurinn í sögu Íslands með 71 mark í 94 landsleikjum. Hún er aftur byrjuð að spila með félagsliði sínu, Kristianstad í Svíþjóð, eftir að hafa eignast barn á síðasta ári. Þá segir Freyr að hún sé algjörlega laus við meiðslin sem hafa verið að plaga hana svo árum skiptir.

„Hún er algjörlega heil heilsu sem er frábært. Ef henni tekst að halda sér þannig þá hef ég fulla trú á því að hún muni sýna hvað hún getur. Við höfum misst marga af okkar leikreyndustu leikmönnum og því er það gríðarlega mikilvægt að fá leikmann eins og Margréti Láru aftur inn."

# Suarez snýr aftur til Englands með Barca

Man. City og Barcelona mætast á sama stað í Meistaradeildinni og fyrir ári. City á harma að hefna.

**FÓTBOLTI** Sextán liða úrslitin í Meistaradeild Evrópu halda áfram í kvöld er tveir leikir fara fram.

Man. City tekur á móti Barcelona en Dortmund sækir Juventus heim. Þetta eru fyrri leikir liðanna.

Luis Suarez, framherji Barcelona, mun væntanlega spila sinn fyrsta leik á Englandi síðan hann var seldur til Barca frá Liverpool. Wilfried Bony gæti síðan spilað sinn fyrsta leik fyrir Man. City.

Barcelona sló Man. City út á nákvæmlega sama stað í keppninni á síðustu leiktíð. Barca vann 4-1 samanlagt og ætlar að komast í átta liða úrslit áttunda árið í röð.

„Þetta er einn af leikjum ársins. Mikilvægasti leikur ársins hingað til hjá okkur. Þeir munu reyna að sækja á okkur og það mun henta okkur vel. Við kunnum vel að spila góðar skyndisóknir og refsa," sagði Gerard Pique, varnarmaður Barcelona og fyrrverandi leikmaður Man. Utd.

Barcelona hitaði upp með því að tapa óvænt í spænsku deildinni gegn Malaga um síðustu helgi. Barca var þá búið að vinna ellefu leiki í röð.

„Þetta er nýr leikur og við erum ekki sama liðið og tapaði fyrir Barcelona í fyrra. Barca er heldur ekki sama liðið," sagði Sergio Aguero, framherji City, en hann þarf að vera í toppformi.

„Bæði lið hafa styrkt sig og það á eftir að koma í ljós hvernig þetta spilast. Eina sem ég get lofað er að þetta verða tveir frábærir leikir."

Leikirnir hefjast klukkan 19.45 og verða í beinni útsendingu á sjónvarpsrásum Stöðvar 2 Sport og einnig í beinni textalýsingu á Vísi. Báðir leikir verða svo gerðir upp á Stöð 2 Sport í sérstökum markaþætti. Mörk leikjanna koma einnig á Vísi. - hbg




**SPENNTUR** Suarez vill örugglega þagga niður í áhorfendum í Manchester í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# SAMSUNG



### 27" WQHD tölvuskjár með USB hub
*LS27D850*
*Upplausn: 2560 x 1440*
*Birta: 350 cd/m2 / Skerpa: mega (1.000:1)*
*Tengingar: 1x Dual link DVI, 1x HDMI, 1x Display port, USB hub 1-4*
**Verð: 109.900 –**



### 32" UHD tölvuskjár með USB hub
*LU32D97*
*Upplausn: 3840 x 2160 4K*
*Birta: 350 cd/m2 / Skerpa: mega (1.000:1)*
*Tengingar: 2x Display port, 1x HDMI, heyrnatól, USB hub 1-4*
**Verð: 399.900 –**



### 28" UHD tölvuskjár
*LU28D590*
*Upplausn: 3840 x 2160 4K*
*Birta: 370 cd/m2 / Skerpa: mega (1.000:1)*
*Tengingar: 1x Display port, 2x HDMI, heyrnatól*
**Verð: 119.900 –**

## Tölvuskjáir & prentarar



### 27" VA tölvuskjár Curved
*LS27D590C*
*Upplausn: 1920 x 1080*
*Birta: 350 cd/m2 / Skerpa: mega (3.000:1)*
*Tengingar: 1x VGA, 1x HDMI, 1x Display port*
**Verð: 79.900 –**



### 27" PLS tölvuskjár
*LS27D590*
*Upplausn: 1920 x 1080*
*Birta: 300 cd/m2 / Skerpa: mega (1.000:1)*
*Tengingar: 1x VGA, 1x HDMI, 1x Display port*
**Verð: 59.900 –**



### Laser prentari svarthvítur
*M2022*
*Prenthraði: allt að 20 bls/mín*
*Fyrsta síða út: 8,5 sek*
*Upplausn: 1200 x 1200 dpi*
*Pappírsbakki: 150 blöð / Þráðlaus nettenging*
**Verð 17.900 –**



### Fjölnotaprentari litur
*C460FW*
*Prentun – skönnun - ljósritun*
*Prenthraði: allt að 19 bls/mín*
*Fyrsta síða út: 14 sek / Upplausn: 2400 x 600 dpi*
*Pappírsbakki: 150 blöð / Þráðlaus nettenging*
**Verð 69.900 –**



### Laser prentari litur
*C1810W*
*Prenthraði: allt að 19 bls/mín*
*Fyrsta síða út: 6 sek eða minna*
*Upplausn: 9600 x 600 dpi*
*Pappírsbakki: 250 blöð/ Þráðlaus nettenging*
**Verð 59.900 –**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR · BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 19.20
### Um land allt
Kristján Már Unnarsson heldur áfram að ferðast um landið þvert og endilangt í leit að áhugaverðum viðmælendum. og málefnum til umfjöllunnar.

## Í KVÖLD



### 2 Broke Girls
**STÖÐ 2 KL. 19.55** Hressilegir gamanþættir sem segja frá stöllunum Max og Caroline sem kynnast við störf á veitingastað. Við fyrstu sýn virðast þær eiga fátt sameiginlegt, enda bakgrunnur þeirra eins ólíkur og hugsast getur.



### Pretty Little Liars
**STÖÐ 3 KL. 21.05** Fimmta þáttaröðin af þessum dramatísku þáttum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.



### Modern Family
**STÖÐ 2 KL. 20.20** Sjötta þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.



## Bylgjan kl. 19.15
### Erna Hrönn
Erna Hrönn með þægilega tónlist á Bylgjunni.

## STÖÐ 2
**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** Ofurhetjusérsveitin
**08.05** The Wonder Years
**08.30** Gossip Girl
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** The Middle
**10.40** Anger Management
**11.05** Covert Affairs
**11.50** The Night Shift
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor US
**13.40** The X-Factor US
**15.05** Time of Our Lives
**16.00** Ofurhetjusérsveitin
**16.25** Undateable
**16.45** Raising Hope
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Um land allt
**19.55** 2 Broke Girls
**20.20** Modern Family
**20.45** The Big Bang Theory
**21.05** Gotham
**21.50** Stalker
**22.35** Last Week Tonight With John Oliver
**23.05** Weeds
**23.35** Grey's Anatomy
**00.20** Togetherness
**00.45** Forever
**01.30** Bones
**02.15** Girls
**02.45** Game Of Thrones
**03.35** A League of Their Own
**05.40** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*
**12.45** PSG - Chelsea
**14.25** Shakhtar Donetsk - Bayern Munchen
**16.05** Samantekt og spjall
**16.50** Real Sociedad - Sevilla
**18.30** Spænsku mörkin 2014/2015
**19.00** Þýsku mörkin
**19.30** Man. City - Barcelona Bein útsending
**21.45** Meistaradeildin - Meistaramörk
**22.15** Juventus - Dortmund
**00.05** Man. City - Barcelona
**01.55** Meistaradeildin - Meistaramörk

## SPORT 2 *enski boltinn*
**07.00** Messan
**11.35** Middlesbrough - Leeds
**13.15** Football League Show 2014/2015
**13.45** Sunderland - WBA
**15.25** Everton - Leicester
**17.05** Messan
**18.20** Tottenham - West Ham
**20.00** Premier League Review 2014/2015
**20.55** Swansea - Man. Utd.
**22.35** Aston Villa - Stoke City
**00.15** Premier League World 2014

## ÍNN
**20.00** Hrafnaþing **21.00** 433 **21.30** Gönguferðir

## STÖÐ 3
**17.50** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**18.40** Baby Daddy
**19.00** Wipeout
**19.45** Flight of the Conchords
**20.15** One Born Every Minute UK
**21.05** Pretty little liars
**21.50** Southland
**22.35** Flash
**23.15** Arrow
**00.00** Sleepy Hollow
**00.40** Wipeout
**01.25** Flight of the Conchords
**01.50** One Born Every Minute UK
**02.35** Pretty little liars
**03.20** Southland
**04.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin
**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Hvellur keppnisbíll **08.55** UKI **09.00** Strumparnir **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tommi og Jenni **09.53** Sumardalsmyllan **10.00** Lína langsokkur **10.25** Brunabílarnir **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Hvellur keppnisbíll **12.55** UKI **13.00** Strumparnir **13.25** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Tommi og Jenni **13.53** Sumardalsmyllan **14.00** Lína langsokkur **14.25** Brunabílarnir **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Hvellur keppnisbíll **16.55** UKI **17.00** Strumparnir **17.25** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Tommi og Jenni **17.53** Sumardalsmyllan **18.00** Lína langsokkur **18.25** Brunabílarnir **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Open Season **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN
**18.35** Friends
**19.00** New Girl
**19.25** Modern Family
**19.45** Two and a Half Men
**20.10** Veggfóður
**20.55** Lífsstíll
**21.15** Grimm
**22.00** Game of Thrones
**23.00** Chuck
**23.40** Cold Case
**00.25** Veggfóður
**01.10** Lífsstíll
**01.30** Grimm
**02.10** Game of Thrones
**03.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN
**10.40** Pay It Forward
**12.40** Another Happy Day
**14.35** Admission
**16.20** Pay It Forward
**18.20** Another Happy Day
**20.15** Admission
**22.00** For Colored Girls
**00.15** Colombiana
**02.00** Now You See Me
**03.55** For Colored Girls

## HRINGBRAUT
**11.00** Lífsstíll **11.30** Hringtor **12.00** Lífsstíll **12.30** Hringtorg **13.00** Lífsstíll **13.30** Hringtorg **14.00** Lífsstíll **14.30** Hringtorg **17.00** Lífsstíll **17.30** Hringtorg **18.00** Lífsstíll **18.30** Hringtorg **19.00** Lífsstíll **19.30** Hringtorg **20.00** Lífsstíll **20.30** Hringtorg **21.00** Atvinnulífið **21.30** Neytendavaktin **22.00** Atvinnulífið **22.30** Neytendavaktin **23.00** Atvinnulífið **23.30** Neytendavaktin

## RÚV
**15.10** Óskarsverðlaunin samantekt
**16.40** Herstöðvarlíf
**17.20** Músahús Mikka
**17.43** Robbi og skrímsli
**18.06** Millý spyr
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Landakort
**18.30** Vísindahorn Ævars
**18.35** Melissa og Joey
**18.55** **Öldin hennar** 52 örþættir, sendir út á jafnmörgum vikum, um stóra og stefnumarkandi atburði sem tengjast sögu íslenskra kvenna og baráttu þeirra fyrir samfélagslegu jafnrétti. Þættirnir varpa ljósi á kvennapólitík í sínum víðasta skilningi.
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Djöflaeyjan
**20.30** Castle
**21.15** Rússarnir koma
**21.45** Handboltalið Íslands
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Whitechapel
**23.05** Víkingarnir
**23.50** Kastljós
**00.15** Fréttir
**00.30** Dagskrárlok

## SKJÁREINN
**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**15.05** Cheers
**15.25** The Real Housewives of Orange County
**16.10** Svali & Svavar
**16.45** Benched
**17.05** An Idiot Abroad
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** **Men at Work** Þrælskemmtilegir gamanþættir sem fjalla um hóp vina sem allir vinna saman á tímariti í New York-borg. Þeir lenda í ýmiskonar ævintýrum sem aðallega snúast um að ná sambandi við hitt kynið.
**20.15** Jane the Virgin
**21.00** Parenthood
**21.45** Elementary
**22.30** **The Tonight Show** Söngdívan Christina Aquilera er gestur kvöldsins en hún kemur aftur til liðs við The Voice í nýjustu seríunni sem sýnd eru á SkjáEinum á föstudaginn. Þá kemur Jeff Probst, þáttarstjórnandi Survivor, í heimsókn. Vandræðagripurinn Kid Rock sér um tónlist.
**23.15** Madam Secretary
**00.00** Blue Bloods
**00.45** Parenthood
**01.30** Elementary
**02.15** The Tonight Show
**03.05** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin
**08.00** PGA Tour 2015
**11.00** PGA Tour 2015
**15.00** PGA Tour 2015
**18.00** Golfing World 2015
**18.50** PGA Tour 2015 - Highlights
**19.45** Golfing World 2015
**20.35** PGA Tour 2015 - Highlights
**21.30** Inside The PGA Tour 2015
**21.55** European Tour 2015

## ÚTVARP
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



KOMONO
Winston Regal
18.990.-
HÚRRA REYKJAVÍK
HVERFISGATA 50 | 101 REYKJAVÍK | 571 7101 | WWW.HURRAREYKJAVIK.IS




FASTUS
Veit á vandaða lausn
RESOURCE aktiva
Sveskjusafi gegn hægðatregðu




Áhrifaríkur sveskjusafi sem virkar vel gegn hægðatregðu.
Spurðu um sveskjusafann í næsta apóteki.
Verið velkomin í verslun okkar í Síðumúla 16, 2.h.
Fastus • Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900
fastus@fastus.is • www.fastus.is • Opið mán - fös 8.30 - 17.00

# Verðtryggingin bíður dóms

Með lögum skal land byggja - en með ólögum eyða

# Borgarafundur

## Háskólabíó 24. febrúar 20:00-22:00

Tónlist: Magnús Þór Sigmundsson

Frummælendur og pallborð:

Vilhjálmur Bjarnason ekki fjárfestir, formaður HH
Jacky Mallett, Vitvélastofnun Íslands
Marinó G. Njálsson, tölvunarfræðingur
Þórður Heimir Sveinsson, lögmaður HH
Aðalsteinn Sigurðsson, lögfræðingur
Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA
Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur

## Hagsmunasamtök heimilanna

www.heimilin.is

**SKYNDIBITINN**



**„Ég fer voða mikið á Saffran þegar mig langar í skyndibita. Svo er Noodle-station líka í algjöru uppáhaldi.“**

Tinna Björg Friðþórsdóttir, matarbloggari og mastersnemi í lögfræði.

# Varð nánast að heimildarmynd um Bíladaga

Rappsveitin Úlfur Úlfur og leikstjórinn Magnús Leifsson eiga myndband ársins við lagið Tarantúlur.

„Þetta myndband er eiginlega eins og lítil heimildarmynd um Bíladaga á Akureyri,“ segir leikstjórinn Magnús Leifsson, sem fékk um helgina Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir tónlistarmyndband ársins við lagið Tarantúlur með rappsveitinni Úlfi Úlfi. Í myndbandinu má sjá rapparana Helga Sæmund Guðmundsson og Arnar Frey Frostason sækja Bíladaga og fangar myndbandið vel þá stemningu sem myndast á Akureyri í kringum hátíðina. „Manni finnst ótrúlega skemmtilegt að vinna með svona fólki eins og Magga, sem hefur skýra sýn og sér hlutina öðruvísi en maður sjálfur gerði. Svoleiðis finnst mér að samstarf eigi að vera,“ útskýrir Arnar Freyr.

Í myndbandinu má sjá rapparana klædda í boli sem greinilega eru frá tíunda áratug síðustu aldar. „Þetta kemur allt frá Magga, þetta var hans hugmynd,“ segir Arnar. „Já, þetta tengist „nineties-blætinu“ mínu,“ segir Magnús. Arnar klæðist í forláta Cheerios-bol sem erfitt var að fá að sögn Magnúsar og eru félagarnir í bolum merktum NBA-leikmönnunum Kurt Rambis og Bill Laimbeer. „Þeir eru uppáhalds NBA-týpurnar mínar.“

Magnús segir að þeir hafi ákveðið að sækja Bíladaga á Akureyri án þess að vera með allt handritið tilbúið þegar lagt var í hann. „Við vorum ótrúlega heppnir hvað okkur var vel tekið. Við fengum mjög jákvæð viðbrögð við þessu og það hjálpaði okkur að gera betra myndband,“ útskýrir leikstjórinn. **- kak**



**HRESSIR** Strákarnir í Úlfi Úlfi og Magnús fögnuðu um helgina. Magnús er einnig handritshöfundur að þáttunum Hreinn Skjöldur sem var tilnefndur til Edduverðlauna.






# Fyrstu „skinkubúð“ Kringlunnar lokað

Verslunin Kiss hætti rekstri í Kringlunni í byrjun febrúar. Fyrrverandi starfsmenn og viðskiptavinir rifja upp góðar minningar við tímamótin. Verslunin fer nú á netið.

Það má segja að tímamót hafi átt sér stað í upphafi mánaðarins þegar verslunin Kiss hætti rekstri í Kringlunni eftir að hafa haldið þar úti verslun frá því í kringum 1990.

„Þetta eru stór tímamót, við erum náttúrulega búnar að vera í Kringlunni nánast frá upphafi. Byrjuðum í raun og veru í rokkinu og breyttum svo yfir í skvísubúðina, bara svona í takt við tímann,“ segir Nadia Tamimi, sem rekið hefur verslunina um árabil ásamt móður sinni.

Eftir að lýsingarorðið skinka komst í almennt orðfæri hefur Kiss stundum verið tengd slíkum tískustraumum en Nadia segist þó engar áhyggjur hafa af því að fokið sé í flest skjól fyrir skinkur á Íslandi, úrvalið sé fjölbreytt. „Nei, það eru svo margir komnir í sama pakka og við, þannig að ég held að það lifi alltaf, engin spurning. En við erum öruggलega svona fyrsta skinkubúðin ef maður á að kalla þetta það,“ segir hún og hlær innilega.

Eldheitir aðdáendur verslunarinnar þurfa þó ekki að örvænta því Kiss mun opna netverslun í byrjun mars. Nadia segir að það hafi svo sannarlega verið skrítið að skella í lás í síðasta sinn og fastakúnnarnir hafi margir hverjir verið undrandi. „Fastakúnnunum fannst þetta mjög furðulegt, hvernig verður Kringlan án Kiss?“ En lokunina segir hún einfaldlega vera svar við breyttum verslunaraðstæðum. „Þetta er rosalega mikið á netinu, við seljum svo mikið þar og þá erum við líka aðeins frjálsari,“ segir Nadia um þær mæðgur. „Það var rosa skrítin tilfinning en samt líka léttir. Maður gekk alveg í gegnum pínu sorgarferli með þetta en við erum voða spenntar fyrir nýjum tímum með Kiss og ætlum jafnvel að breikka vöruúrvalið, húsnæðið var eiginlega sprungið utan af okkur,“ segir Nadia en þær stefna á að taka herra- og barnaföt í sölu og bæta jafnvel við sig í stærri stærðum.

„Þetta er náttúrulega lítið samfélag þarna, ég fór einmitt í Kringluna um helgina og mér fannst voða furðulegt að hafa engum skyldum að gegna þarna,“ segir Nadia og hlær þegar hún er spurð að því hvort það verði ekki skrítið að standa ekki vaktina í verslunarmiðstöðinni á hverjum degi. „Ég er búin að vera þarna síðan ég var tíu ára, ég ólst bara upp í Kringlunni.“

gydaloa@frettabladid.is



**GÖMLU GÓÐU TÍMARNIR** Einni fyrstu skvísubúð landsins var lokað í byrjun mánaðarins. MYND/NADIA



**ÞAÐ ER AF SEM ÁÐUR VAR** Kiss var áður til húsa í Kringlunni en rekstri verslunarinnar hefur nú verið hætt og verður netverslun opnuð í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## → Svolítið af launum fór í föt



**Kristín Lea Sigríðardóttir** leikkona starfaði í versluninni Kiss á árum áður og ber versluninni góða sögu.

„Það fór oft svolítið af launum í föt,“ segir hún, hlær og bætir við að verslunin hafi verið hluti af menningunni í Kringlunni enda verið þar í rúm fimmtán ár.

Hún segir alltaf hafa verið hægt að leita í búðina þegar eitthvað stóð til enda bauð verslunin upp á gott úrval af fatnaði og vel tekið á móti henni. „Þegar maður var að fara eitthvað eða svona þá hefur maður getað leitað til þeirra við einhver tilefni og svona. Líka bara alltaf næs að kíkja þangað,“ segir Kristín Lea.

## → Glingrið kom sér vel



„Þær mæðgur studdu mig alveg rosalega vel,“ segir **Birgitta Haukdal** söngkona sem gerði garðinn frægan með hljómsveitinni Írafári.

„Ég þurfti næstum því nýtt dress á hverjum degi og þá var rosalega dýrmætt fyrir mig að hafa þær,“ segir Birgitta og segir þær mæðgur hafa verið með puttann á púlsinum hvað varðar tískustrauma.

Birgitta er í ljónsmerkinu og mikið glingurdýr að eigin sögn.

„Glingur á mjög vel við ljón og glingrið sem þær fluttu inn kom sér mjög vel á hinum ýmsu tónleikum og böllum þegar maður þurfti að skreyta sig,“ segir Birgitta glöð í bragði.

## → Fyrsta skvísubúðin á Íslandi



„Það er leiðinlegt að sjá þessa verslun hverfa, hún er búin að vera rótgróin í mörg ár,“ segir **Ásdís Rán Gunnarsdóttir**, fyrirsæta og athafnakona, um verslunina.

„Þetta var svona fyrsta skvísubúðina á Íslandi og núna er náttúrulega samkeppnin orðin talsvert harðari. Kiss hefur alltaf haldið sínu einkenni með öllu sínu skarti, fyrir fegurðardrottningar og glamúrkvöld,“ segir Ásdís og bætir að lokum við: „Þegar ég var yngri þá var Kiss aðalmálið.“

# BURT ÚR BÆNUM MEÐ HÓPINN

**FRÁBÆR FERÐATILBOÐ INNANLANDS OG LÍKA TIL FÆREYJA**
NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 570 3075 EÐA Á HOPADEILD@FLUGFELAG.IS

**Flugfélag Íslands** mælir með því að hrista saman hópinn í alveg nýju landslagi. Starfsmannafélagið gæti komið sér upp vinabæjarfélagi. Það er lærdómsríkt að sjá hvernig vinnufélagarnir fóta sig í öðrum landshlutum. Gerðu árshátíðina ógleymanlega eða komdu liðinu á óvart með spennandi óvissuferð.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS



FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Nýtt líf fyrir Hildi Líf

Förðunarfræðingurinn og stílistinn **Hildur Líf Higgins** hefur flust búferlum til Bandaríkjanna. Hún flutti út til bandarísks eiginmanns síns á Valentínusardaginn og eiga þau von á sínu fyrsta barni. Eiginmaður hennar er lögfræðingurinn Albert Higgins, sem á ættir að rekja til Arizona. Parið lét pússa sig saman í byrjun síðasta hausts og hefur Hildur Líf tekið mormónatrú. Hildur Líf starfaði áður í snyrtivöruversluninni Make up Gallery á Glerártorgi á Akureyri og komst í fréttirnar þegar hún yfirbugaði þjóf sem mætti í búðina með hníf. **- gaþ**



### Veltir fyrir sér bættri nýtingu á Taj Mahal

**Gísli Marteinn Baldursson** fjölmiðlamaður er um þessar mundir staddur í borginni Agra á Indlandi. Líkt og svo oft áður veltir Gísli fyrir sér borgarskipulaginu og veltir því upp hvernig betur mætti nýta eitt af undrum veraldar, Taj Mahal, til að lífga upp á borgina Agra. „Er í Indlandi með skólanum og við munum eyða næstu viku hér í Agra að skoða umhverfi Taj Mahal og reyna að skilja af hverju borgin Agra getur ekki grætt meira á því (í öllum skilningi) að vera með eitt af undrum veraldar í bæjarfætinum. Hér er ótrúleg fátækt við hliðina á þessari fegurð,“ segir Gísli á Instagram-síðu sinni. **- srs**



## Mest lesið VÍSIR

1. Allir Íslendingar verða skráðir í Vantrú
2. „Fólk hugsar bara að þetta sé vond kaka og skilur ekki hvernig hún gat unnið“
3. Myndband: Varðskipið Þór í ofsaveðri og ölgusjó
4. Önnur tvíburasystirin mikið veik og er haldið sofandi
5. Konan fundin heil á húfi
6. Rætt um að krefjast bólusetningar hjá skólabörnum




